- GERT ER RÁÐ FYRIR SORPGERÐUM Á SÉRBYLUM VIÐ SKELJANES OG VIÐ RAÐHÚS
- SORPGEYMSLUR Í ALMENNUM FJÖLBÝLISHÚSUM, ATVINNUHÚSUM OG SKÓLUM
- DJÚPGÁMALAUSNIR INNAN LÓÐA LEIGUHÚSNÆÐIS, STÚDENTAÍBÚÐA OG HAGKVÆMS HÚSNÆÐIS UNDIR EINUM REKSTRARAÐILA (REITIR 5, 7 OG 9).

NÝI SKERJAFJÖRÐUR

ÚRGANGSLAUSNIR

FORMÁLI




DJÚPGÁMALAUSNIR Á
FYLGILOÐUM TEKNAR ÚT AF
UPPDRAETTI. EINUNGIS HEIMILT
AÐ VERA MEÐ DJÚPGÁMA Á
LÓÐUM EN SKULU ÞÓ VERA
STAÐSETTIR ÞANNIG AÐ EKKI SÉ
GENGIÐ Á DVALARSVÆÐI OG AÐ
GÆÐI INNGARÐA SÉU EKKI SKERT
VEGNA DJÚPGÁMA.

DJÚPGÁMAR HEIMILIR Á
LÓÐUM ÞAR SEM UM ER AÐ
RÆÐA HAGKVÆMT HÚSNÆÐI,
STÚDENTAÍBÚÐIR EÐA
LEIGUÍBÚÐIR. REITIR 5, 7, 9 OG 10.

Á ÖÐRUM REITUM ER GERT RÁÐ
FYRIR AÐ SORP SÉ Í HÚSKRÖPPUM
Á JARÐHÆÐUM FJÖLBÝLISHÚSA.
RAÐHÚS OG SÉRBÝLI VIÐ
SKELJANES SKULU HAFA
SORPGERÐI Á LÓÐ.

NÝI SKERJAFJÖRÐUR ÚRGANGSLAUSNIR

REITUR 5 - HAGKVÆMT HÚSNÆÐI GÖTUSNIÐ







Mynd úr "Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".
Nauðsynlegt rými umhverfis djúpgáma.

Hirðubíll ætti að geta ekið beint að losunarstað og ekið í burtu án þess að þurfa að bakka. Skoða þarf hvort gera þurfi snúningssvæði eða að bíllinn aki inn á lóð á einum stað og út á öðrum. **Í undantekningartilfellum má gera ráð fyrir að hirðubíll geti bakkað allt að 10 m.** Koma verður í veg fyrir að bakkað verði yfir göngu- og hjólaleiðir, á eða við fjölfarna staði eða leiksvæði sem og inn á eða af götum, ef það er nauðsynlegt þarf að huga vel að sýn ökumannsins.

Texti úr "Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".

NÝI SKERJAFJÖRÐUR ÚRGANGSLAUSNIR

REITUR 7 - FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA GÖTUSNIÐ



Mynd úr "Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".
Nauðsynlegt rými umhverfis djúpgáma.



Hirðubíll ætti að geta ekið beint að losunarstað og ekið í burtu án þess að þurfa að bakka. Skoða þarf hvort gera þurfi snúningssvæði eða að bíllinn aki inn á lóð á einum stað og út á öðrum. **Í undantekningartilfellum má gera ráð fyrir að hirðubíll geti bakkað allt að 10 m.**

Koma verður í veg fyrir að bakkað verði yfir göngu- og hjólaleiðir, á eða við fjölfarna staði eða leiksvæði sem og inn á eða af götum, ef það er nauðsynlegt þarf að huga vel að sýn ökumannsins.

Texti úr "Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".

NÝI SKERJAFJÖRÐUR ÚRGANGSLAUSNIR

REITUR 9 - BJARG GÖTUSNIÐ




Mynd úr "Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".
Nauðsynlegt rými umhverfis djúpgáma.

Hirðubíll ætti að geta ekið beint að losunarstað og ekið í burtu án þess að þurfa að bakka. Skoða þarf hvort gera þurfi snúningssvæði eða að bíllinn aki inn á lóð á einum stað og út á öðrum. Í undantekningartilfellum má gera ráð fyrir að hirðubíll geti bakkað allt að 10 m. **Koma verður í veg fyrir að bakkað verði yfir göngu- og hjólaleiðir, á eða við fjölfarna staði eða leiksvæði sem og inn á eða af götum, ef það er nauðsynlegt þarf að huga vel að sýn ökumannsins.**


Texti úr "Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".

NÝI SKERJAFJÖRÐUR SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI



4. STÍGAKERFI LÓÐAR 5 BREYTT

- DJÚPGÁMAR FÆRÐIR ÚR INNGARÐI OG KOMIÐ FYRIR Á VESTURHLIÐ MILLI GAFLA.
- AKFÆR STÍGUR Í GEGNUM LÓÐ TEKINN ÚT. ÞÁ FÆRIST INNGARÐSHÚS SUÐUR Á LÓÐ TIL AÐ BÆTA BIRTUSKILYRÐI Í GARÐI.


NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI



5. HAUGSVÆÐI SKILGREIND

Í SAMRÁÐI VIÐ HEILBRIGÐISEFTIRLIT OG FRAMKVÆMDASVIÐ REYKJAVÍKUR HAFNA 2 TÍMABUNDUIN HAUGSVÆÐI UNDIR MENGADAN VERIÐ SKILGREIND OG MERKT INNÁ UPPDRÁTT.


NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI



6. OFANVATNSTÁKN UPPFÆRÐ

TÁKN FYRIR OFANVATNSRÁS Á GRÆNU SVÆÐI
VESTAST Á SKIPULAGSSVÆÐI TEKID ÚT VEGNA
BREYTRAR HÖNNUNAR OFANVATNSLAUSNA.

NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

6. OFANVATNSTÁKN UPPFÆRÐ

TÁKN FYRIR OFANVATNSRÁS Á GRÆNU SVÆÐI VESTAST Á SKIPULAGSSVÆÐI TEKIÐ ÚT VEGNA BREYTTAR HÖNNUNAR OFANVATNSLAUSNA.



Trjáþyrpingar ýta undir fuglalíf og skjól á ákveðnum stöðum en þar á milli eru blettir sem njóta sólar.

Inn á milli grænu svæðanna eru pallar þar sem fólk getur komið saman og sinnt hugðarefnum sínum.




Brú yfir garðinn til að veita samfellda tengingu á milli svæða.

Mismunandi lög af gróðri: landslagið breytist úr sléttum grasflötum yfir í villt svæði með plöntum og lækkar stundum niður og verður að votlendi.

Breiðir og þægilegir göngu- og hjólastígar báðum megin götunnar.

Að auki eru „náttúrulegir“ stigar um garðinn afmarkaðir með steinum.




NÝI SKERJAFJÖRÐUR SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI



7. BYGGINGARREITUM Á LÓÐ 2 BREYTT

BYGGINGARREITIR FYRIR RAÐHÚS Á LÓÐ 2
DREGNIR INN 2M FRÁ HJÓLASTÍG TIL AÐ RÝMKA
MILLI STÍGS OG HÚSGAFLA.


NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI




8. STÆKKUN SÉRBÝLA VIÐ SKELJANES


GRUNNFLÖTUR STÆKKAÐUR ÚR 10 X 10 M Í 10 X 13 M.

NÝI SKERJAFJÖRÐUR SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI



9. LÓÐUM SKIPT UPPI Í SMÆRRI LÓÐIR

LÓÐIR Á REITUM 2, 3, 4, 6 OG 10 SKIPT NIÐUR Í
SMÆRRI EININGAR.


NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI



10. REIT 10 BREYTT Í ÍBÚÐALÓÐ

FALLIST HEFUR VERIÐ FRÁ ÞVÍ AÐ Á LÓÐ 10 KOMI HJÚKRUNARHEIMILI. NÚ ER GERT RÁÐ FYRIR EINUNGIS ÍBÚÐAHÚSNÆÐI Á LÓÐ 10.

NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

11. LÓÐIR 5 OG 10 FÁ HEIMILD FYRIR ATVINNURÝMUM Á JARÐHÆÐ

Lóðir sem snúa að miðsvæðum hafi heimild til atvinnu- og þjónusturýma á jarðhæðum sem snúa að götu. Þar sem gert er ráð fyrir atvinnu- og þjónusturýmum skal taka tilliti til aukinnar salarhæðar, sem geti skapað áhugaverð uppbrot ásýndar útveggja. Huga skal að hindrunarflötum flugvallar ef auka á salarhæð jarðhæða – aukin salarhæð gæti haft áhrif á hámarkshæð bygginga

NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI




12. FÆKKUN INNGARÐAHÚSA


STÖK HÚS Í INNGÖRÐUM MINNKUÐ EÐA FÆRÐ
Á REITUM 4, 5 OG 6. EINS ER GERT RÁÐ FYRIR AÐ
ÞAU SÉU Á EINNI HÆÐ (SALARHÆÐ AÐ HÁMARKI
3 M) OG MEÐ TORFPÖKUM.

NÝI SKERJAFJÖRÐUR SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPPDRÆTTI




13. GÖTUHEITUM NAFNANEFNDAR BÆTT INNÁ UPPDRÆTTI


NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPÐRÁTTUR



TILLAGA AÐ BREYTTUM UPÐRÆTTI




14. KVÖÐ UM UPPBROT VIÐ PORT OG SUND Á LÓÐUM 3, 4, 5 OG 10.




NÝI SKERJAFJÖRÐUR

SAMANBURÐUR

SAMÞYKKTUR UPPDRÁTTUR



BREYTTUR UPPDRÁTTUR



**15. AKSTURSSTEFNUR Á UPPDRÆTTI
FJARLÆGDAR.**



NYI SKERJAFJÖRÐUR

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR

DEILD BORGARHÖNNUNAR
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR
04.03.2022



MANDAWORKS



NÝI SKERJAFJÖRÐUR

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR

04.03.2022

DEILD BORGARHÖNNUNAR
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

INNGANGUR

Núi Skerjafjörður
Uppbygging deiliskipulags

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR - ALMENNINGSRÝMI

Hönnunarmarkmið
Einkenni landslags
Heildarhugmynd
Blandað landslag
Gatnamót og gangbrautir
Tegundir almenningsrýma

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR - DÆMI

Einarsnes
Bauganes
Fáfnisnes
Tenging
Náttúra
Línan
Garður
Torg

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR - INNGARÐAR

Heildarhugmynd fyrir inngarða
Landslag inngarða
Dæmi um inngarð


NÝI SKERJAFJÖRÐUR

Nýi Skerjafjörður er nýtt íbúðahverfi sem verður byggt við suðurluta Reykjavíkflugvallar. Deiliskipulag um fyrsta áfanga svæðisins er í undirbúningi samhliða hönnunarleiðbeiningunum. Deiliskipulagið byggir á vinnings tillögu ASK arkitekta í hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar árið 2018. Deiliskipulagið sækir innblástur frá Þingholtunum og gamla Skerjafirði. Bygðamynstur einkennist af opinni randbyggð umhverfis hlýlega inngarða sem minna á bakgarða Þingholtana með óvæntum upplifunum og fallegum borgartorgum. Götur eru hannaðar með umferð gangandi og hjólandi í forgangi. Byggingar eru fjölbreyttar að útliti og gerð og allt umhverfið er skipulagt þannig að það verði gróskumikið og grænt. Í hverfinu verða mismunandi tegundir íbúða fyrir íbúa með mismunandi bakgrunn.

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR

Í þessari handbók eru hönnunarleiðbeiningar fyrir almenningsrými og inngarða í nýja Skerjafirði. Markmið leiðbeininganna er að setja fram heildarstefnu um hönnun almenningsrýma sem skilar umhverfsvænni og vandaðri borgarhönnun þar sem sjálfbærni hverfisins er í fyrirrúmi.

Í leiðbeiningunum er almenningsrýmum skipt upp í ólíkar formgerðir í samræmi við mismunandi götugerðir og tvö aðal almenningsrými, garð og torg. Leiðbeiningar fyrir hverja formgerð eru birtar ásamt dæmum um útfærslur við tiltekna aðstæður.



*Deiliskipulagsuppráttur 26.júní 2020



*Deiliskipulagsuppráttur 04. mars 2022

*Leiðbeiningarnar byggjast á útgáfu deiliskipulagsins frá 26. júní 2020. Leiðbeiningarnar voru uppfærðar 04. mars 2022 samkvæmt uppfærðum upprætti deiliskipulags.






FLATARMÁL LÓÐA



Lóðir



SKIPULAG BYGGÐAR

-  Íbúðabyggð - fjölbýlishús
-  Íbúðabyggð - stök hús
-  Bílastæðahús + verslunarhúsnæði
-  Skóli
-  Annað rými



SAMGÖNGUR

-  Hjólastígur
-  Stoppistöð
-  Tvístefnugata
-  Einstefnugata
-  Íbúðagata



AÐAL ALMENNINGSRÝMI

-  Garður-útvistarsvæði
-  Torg

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR - ALMENNINGSRÝMI



VISTVÆNAR SAMGÖNGUR

- Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks er í algjörum forgangi.
- Gangstéttir og svæði fyrir gangandi eru snyrtilegar með góðu þreplausu aðgengi og stuðla að félagslegum samskiptum.
- Götur eru einnig hannaðar með öruggt umhverfi fyrir umferðarflæði í huga.



LÍFSEIGUR GRÓÐUR

- ríkulegt svæði er svæði fyrir gróður í almenningsrýmum.
- Gróðurinn uppfyllir skilyrði hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika, nýtingu regnvatns og áhrif á loftslag.
- Staðsetning gróðurs skapar aðlaðandi umhverfi með afgerandi sérkenni.



MANNLÍF


- Gert er ráð fyrir leik, hvíld og samskiptum við hönnun almenningsrýma.
- Íbúðagöturnar njóta góðs af forgangi gangandi vegfarenda og eru jafnframt sameiginlegt svæði fyrir íbúana.



EINSTAKT YFIRBRAGÐ

- Hönnun gatnakerfisins, hlutverk, gróðursetning og aðstaða veitir almenningsrýminu áberandi yfirbragð.

EINKENNI LANDSLAGS




HVAÐ EINKENNIR ÞETTA NÝJA ALMENNINGSRÝMI?

Svæði nýja Skerjafjarðar er sem stendur hluti af Reykjavíkflugvelli. Þessi partur af flugbrautinni verður mótað til að það henti framtíðaruppbyggingu og með því verða öll ummerki um núverandi og upprunalega notkun máð út. Hvað ætti að einkenna nýtt umhverfi í Skerjafirði?

UPPRUNALEGT LANDSLAG ENDURUPPGÖTVAÐ

Áður en flugvöllurinn var byggður var svæðið þakið mýri og votlendi til strandar. Við sjóinn er svæðið að einhverju leyti eins og það var, með lágu grasi og grýttri strönd, en innar í landi hefur mýrin verið þurrkuð upp og landinu breytt. Með nýja Skerjafirðinum fæst einstakt tækifæri til að enduruppgötva og endurheimta einkenni upprunalega landslagsins með strandlengju, votlendi og trjágróðri.

EINKENNI LANDSLAGS



BLANDAÐ LANDSLAG SKAPAR EINSTAKT YFIRBRAGÐ

Landslag og gróður dregur fram náttúruleg einkenni svæðisins og kemur einkennum hins hefðbundna landslags strandlengjunnar á framfæri í byggðinni. Fjölbreytt og blandað landslag sem breytist smátt og smátt úr lágu grasi og votlendi hjá ströndinni yfir í þétt gróðursvæði með trjám og runnum skapar nýtt einstakt yfirbragð Skerjafjarðar.

SÉRSTÖK NÁLGUN FYRIR SKIPULAG HVERRAR GÖTU

Fjölbreytt og blandað landslagið er grundvallarþátturinn fyrir heildaryfirbragði svæðisins. Í hverri götu er landslagið túlkað og sett inn í skipulag til að búa til einstaka götummynd og fjölbreytt, vönduð almenningsrými.

HEILDARHUGMYND




EINKENNI BLANDAÐS LANDSLAGS

Almenningsrýminu er skipt niður í landslagssvæðin „trjágróður“, „votlendi“ og „strandlengja“ þar sem hvert svæði hefur einkennandi gróður og einstakt yfirbragð.




EINSTÖK GÖTUHÖNNUN

Almenningsrýmum er skipt niður í mismunandi formgerðir sem endurspeglar tegund, skipulag umferð, hlutverk og umlykjandi byggð. Sérhver gata er hönnuð með þetta í huga til að skapa fjölbreytt umhverfi.



TRJÁGRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:

- Þéttar trjáþyrpingar
- Gróskumiklir og grænir runnar með marga stofna eins og í skógi
- Harðgert gras og fjölærar plöntur

Tegund gróðurs:

Tré

- | | |
|--------------------------------|---------------------|
| -Populus trichocarpa „Brekkan“ | Alaskaösp „Brekkan“ |
| -Betula pubescens „Embla“ | Ilmbjörk „Embla“ |
| -Picea sitchensis | Sitkagreni |
| -Pinus uncinata | Bergfura |
| -Acer pseudoplatanus | Garðahlynur |
| -Sorbus aucuparia | Reynivíður |




Runnar

- | | |
|------------------------------|------------------------|
| -Prunus padus „Bella“ | Heggur „Bella“ |
| -Lonicera involucrata „Satu“ | Glótoppur „Satu“ |
| -Physocarpus opulifolius | Garðakvistill „Kjarri“ |
| -Amalanchier alnifolia | Hlíðaramall |
| -Ribes aplanum „Dima“ | Fjallarífs „Dima“ |



Gras / fjölærar plöntur

- | | |
|------------------------------|---------------------|
| -Dryopteris filixmas „Willy“ | Stóriburkni „Willy“ |
| -Filipendula ulmaria | Mjaðjurt |
| -Geitaskegg | Aruncus diocius |
| -Luzula sylvatica | Lundahæra |
| -Calamagrostis x acutiflora | Garðahálmgresi |
| „Karl-foerster“ | „Karl-foerster“ |



VOTLENDI



Stefna fyrir gróðursetningu:

- Langt á milli trjágróðurs, stök tré gróðursett
- Meðalháir/lágir haustrunnar
- Hlýlegt mýrargras

Tegund gróðurs:

Tré

- | | |
|--------------------------|------------------------|
| -Ulmus glabra | Álmur |
| -Prunus maackii, Mustila | Næfurheggur frá |
| -Prunus padus „Laila“ | Mustila Heggur „Laila“ |
| -Betula pubescens | Ilmbjörk |
| -Alnus incana | Gráelri |




Runnar

- | | |
|----------------------------|--------------------|
| -Sorbus frutescens | Koparreynir |
| -Myrica Gale „Gosi“ | Mjaðarlyng „Gosi“ |
| -Cornus serica „Roði“ | Sveighyrnir „Roði“ |
| -Aronia melanocarpa | Logalauf |
| -Spiraea betulifolia „Tor“ | Birkikvistur „Tor“ |
| -Ribes glandulosum | Kirtlírfis |



Gras / fjölærar plöntur

- | | |
|-------------------------------------|---------------------------|
| -Molinia caerulea „Dauerstrahl“ | Pípugras „Dauerstrahl“ |
| -Carex morrowii „Ice Dance“ | Japansstör „Ice Dance“ |
| -Phalaris arundinacea picta | Randagras |
| -Iris pseudacorus | Tjarnaíris |
| -Ligularia przewalskii „The Rocket“ | Turnskjöldur „The Rocket“ |



STRANDLENGJA



Stefna fyrir gróðursetningu:

- Eingöngu lág tré á víð og dreif
- Lágir runnar sem henta strandarlandslagi
- Kuldapolið gras og fjölærar plöntur

Tegund gróðurs:

Tré

- | | |
|--|-------------------------------|
| -Sorbus mougeotii | Alpareynir |
| -Populus balsamifera/Populus trichocarpa „Keisari“ | Balsamösp/Alaskaösp „Keisari“ |
| -Sorbus decora „Glæsir“ | Skrautreynir „Glæsir“ |
| -Syringa „Briet“ | Sýrena „Briet“ |
| -Alnus glutinosa | Svartelri |



Runnar

- | | |
|---------------------------------------|---------------------------|
| -Elaeagnus angustifolia | Silfurblað |
| -Hippophae rhamnoides | Hafþyrnir |
| -Potentilla fruticosa „Mount Everest“ | Runnamura „Mount Everest“ |
| -Salix myrsinites „Vala“ | Myrtuvíðir „Vala“ |
| -Salix lanata „Koti“ | Loðvíðir „Koti“ |



Gras / fjölærar plöntur

- | | |
|-------------------------------------|-------------------------------|
| -Iris setosa | Engjaíris |
| -Aster tongolensis | Kvöldstjarna |
| -Carex morrowii „Ice Dance“ | Japansstör „Ice Dance“ |
| -Phalaris arundinacea picta | Randagras |
| -Geranium maculatum „Elizabeth Ann“ | Sveipblágresi „Elizabeth Ann“ |
| -Molinia caerulea „Dauerstrahl“ | Pípugras „Dauerstrahl“ |



GATNAMÓT OG ÞVERANIR


Vel hönnuð gatnamót skapa öryggi og draga úr slyshættu. Öll gatnamót í hverfinu eru hönnuð þannig að það sé þægilegt og öruggt að fara um þau. Til að gangandi vegfarendur sé enn öruggari skal beygjuradíus og götusnið vera eins smágert og hægt er.

Á aðalgötunum, Einarsnesi og Fáfnisnesi, eru þveranir upphækkaðar til að leggja áherslu á að gangandi vegfarendur séu í forgangi í hverfinu. Í öðrum íbúðagötum, þar sem þörf er á gangbrautum, skulu vera gangbrautir með yfirborðsmerkingum á götunni á nokkrum stöðum til að gangandi vegfarendur geti komist óhindrað yfir. Ekki er gert ráð fyrir gangbrautum yfir göngugötur þar sem gangandi vegfarendur og hjólréiðafólk nýtur forgangs þar.


Staðsetningar T-gatnamóta - Einarsnes, Fáfnisnes



Dæmi um T-gatnamót við Einarsnes og flæði umferðar




Dæmi um T-gatnamót



Dæmi um gangbraut





GÖTUR FRÁ AUSTRI TIL VESTURS



Á götum sem liggja frá austri til vesturs er meðalmikil til mikil umferð (fyrir utan vestari hluta Bauganess, sem er að mestu göngugata) og vegna staðsetningar þeirra er suðurhlutinn að mestu leyti í skugga. Hins vegar skín sól á norðurhlutann og endurspeglast það í götuhönnuninni.

Þrjár tegundir gatna frá austri til vesturs í eftirfarandi leiðbeiningum eru:

- Einarsnes
- Bauganes
- Fáfnisnes




GÖTUR FRÁ NORÐRI TIL SUÐURS



Götur sem liggja frá norðri til suðurs eru íbúðagöturnar og þar er mjög lítil til meðalmikil bílaumferð, sem býður upp á að hanna gatnakerfið þannig að nægt rými sé fyrir gróður og fólk.

Þrjár tegundir gatna frá norðri til suðurs í leiðbeiningunum eru:

- Tenging
- Náttúra
- Línan



AÐAL ALMENNINGSRÝMI




Á svæðinu eru tvö aðal almenningsrými, torg og garður, fyrir utan gatnakerfið. Hvort um sig býður upp á svæði til að eiga samskipti, gera tiltekna hluti og hvíla sig.

Aðalalmenningsrýmin í leiðbeiningunum eru:


- Garður
- Lögutorg

HÖNNUNARLEIÐBEINGAR - DÆMI





EINARSNES

„UPPLIFÐU HVERNIG LANDSLAGIÐ BREYTIST SMÁTT OG SMÁTT FRÁ EFRA SVÆÐI TIL STRANDENGJU“




Meginmarkmið götuhönnunar í Einarsnesi er að búa til lífræna tengingu gróðurs sem liggur alla leið að strandlengjunni. Örlítill ósamshverfa í götusniðinu gerir það kleift að stækka og tengja beðin öðru megin. Á svæðinu með beðunum er nóg rými fyrir stjórnun ofanvatns og gróðursetningin stuðlar að líffræðilegri fjölbreytni. Gróðurinn meðfram götunni er í samræmi við hugmyndina um fjölbreytta blöndun landslags og fer úr trjám yfir í lægri gróður sem hentar votlendi til strandar.

Gangbrautir og hjólastígar báðum megin götunnar stuðla að öryggi og þægindum íbúa, ásamt útskotum þar sem hægt er að blanda geði eða eiga í samskiptum og tylla sér.



EINARSNES

GRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:


- Blandað landslag
- Beð þar sem gróðursett er í þyrpingum við suðurhlíð götunnar og lína af trjám með 12 metra á milli við norðurhlíðina

Plöntur / liffræðilegur fjölbreytileiki:

- Niðurfellð beð til að stjórna ofanvatni
- Gróður sem aðlagar sig þurrki og bleytu
- Góð blanda af trjám sem komið er fyrir óreglulega á eyjum



HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:

- Sæti sem hægt er að aðlaga

Litur/efniviður:


- Samræmt litabema; kolgrár

Félagslegt gildi:

- Útskot á milli grænna eyja þar sem fólk getur hist og dlandað geði



INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Gangstétt báðum megin götunnar

Gangbrautir:

- Gangbraut í sömu hæð og gatan

Hjól:

- Einstefnuhjólástígur báðum megin götunnar

Hjólastandar:

- Staðsettir á milli útskota og beða

Umferð:

- Tvístefnugata, akreinar aðskildar frá gangstétt með kantsteini


Bílastæði:

- Staðsett meðfram götunni báðum megin

Rusl:

- Litlar ruslafötur við göturnar
- Förgun úrgangs skal samræma og útfæra innan byggingareitanna

STJÓRNUN OFANVATNS




Almenn stefna:

- Niðurfellð beð til að nýta ofanvatn af götunni
- Gróður með vatnshreinsandi eiginleika
- Rúmgóð beð sem þola yfirflæði og geta geymt vatn.



LÝSING



Staðsetning:

- Hangandi yfir götunni

Tegund:


- Hangandi ljós

Skrautlýsing:

- Lýsing í beðum
- Aukalýsing í útskotum



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:


- Malbik með línu af hellum báðum megin

Gangstétt:

- Steypt á staðnum


Annað:

- Útskot með steinhellum





BAUGANES

„GARÐAR Í SÓLINNI“



Bauganes er hannað í samræmi við það hvernig gatan snýr og hversu sólrík hún er. Ósamhverft götusniðið gerir það kleift að nýta suðurhluta götunnar fyrir gróður og félagsleg samskipti og skýla einkagörðum sem vísa í suður. Á skuggsæla hlutanum er umferðarflæðið.

Gatan skiptist í tvo hluta, austurhluta og vesturhluta. Í austri er gatan með tvístefnumferð ásamt beði og breiðri gangstétt í sólríka hlutanum. Vestari hluti götunnar er íbúðagata þar sem gangandi vegfarendur deila götunni með ökutækjum sem aka í einstefnu. Með þessu sniði er gert ráð fyrir meira rými í sólríka hlutanum fyrir gróður og þannig búin til garðaútskot með fjölbreyttu rými og aðstöðu. Svæði fyrir akandi umferð er með kantsteini á báðum hliðum til að koma í veg fyrir að bílum sé lagt þar sem þeir eiga ekki að vera.



BAUGANES

GRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:


- Gróður teygir sig frá veröndum í einkaeign út á götu

Plöntur / líffræðilegur fjölbreytileiki:

- Limgerði afmarka rými
- Tré sem henta görðum



HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:

- Sæti, bekkir, stólar og borð

Litur/efniviður:

- Samræmt litapema, kolgrár

Félagslegt gildi:

- Óformleg framlenging á görðum fyrir íbúa
- Svæði fyrir nágranna til að hittast og blanda geði



INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Gangstétt báðum megin götunnar

Gangbrautir:

Gangbraut í sömu hæð og gatan

Hjól:

- Á akbraut

Hjólastandar:

- Innbyggðir þeim megin götunnar sem umferð er

Umferð:

- Einstefnugata til hliðar og í sömu hæð og gangstétt


Bílastæði:

- Innbyggðir þeim megin götunnar sem umferð er

Rusl:

- Litlar ruslafötur við göturnar

- Förgun úrgangs skal samræma og útfæra innan byggingareitanna



STJÓRNUN OFANVATNS



Almenn stefna:

- Gegndræpt yfirborðsefni í framlengdum görðum
- Niðurföll á götu



LÝSING



Staðsetning:

- Hangandi yfir götunni

Tegund:


- Hangandi ljós

Skrautlýsing:

- Áherslulýsing í framlengdum görðum



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:


- Malbik á götu, steinhellur á sameiginlegu svæði


Gangstétt:

- Steypt á staðnum, hellulagning úr steini/steypu

Annað:

- Mól í framlengdum görðum








FÁFNISNES

„SÓLRÍK ÚTSKOT OG IÐANDI MANNLÍF“




Fáfnisnes er hannað í samræmi við það hvernig gatan snýr og hversu sólrík hún er. Götusniðið er ósamhverft til að nýta svæði sem nýtur mikillar sólar. Í sólríka hlutanum eru breið beð með trjám og lágum gróðri til að auka líffræðilega fjölbreytni hverfisins og búa til umgjörð um útskot þar sem eru sæti og útihúsgögn sem laðar gangandi vegfarendur að götunni.

Akandi umferð fer til hliðar þar sem minna er um sól. Svæði fyrir akandi umferð er með kantsteini á báðum hliðum til að koma í veg fyrir að bílum sé lagt þar sem þeir eiga ekki að vera



GRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:


- Blandað landslag
- Beð með plöntuþyrpingum öðrum megin götunnar og röð af trjám hinum megin
- Beð útfærð þannig að þau fái sem mesta sól

Plöntur / líffræðilegur fjölbreytileiki:

- Gróður sem aðlagar sig þurrki og bleytu
- Blanda af trjátegundum í þyrpingum og röð



HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:

- Stór sæti sem hægt er að aðlaga

Litur/efniviður:


- Samræmt litabema, kolgrár

Félagslegt gildi:

- Sólrík svæði á milli beða þar sem fólk getur hist
- Gatan opnast við torgið



INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Gangstétt báðum megin

Gangbrautir:

- Gangbraut í sömu hæð og gatan

Hjól:

- Tvístefnustígur fyrir hjól öðrum megin götunnar

Hjólastandar:

- Innbyggðir í beð meðfram gangstéttinni

Umferð:

- Tvístefnugata


Bílastæði:

- engin bílastæði

Rusl:

- Litlar ruslafötur við göturnar
- Förgun úrgangs skal samræma og útfæra innan byggingareitanna

STJÓRNUN OFANVATNS




Almenn stefna:

- Niðurfelld beð til að nýta ofanvatn af götunni
- Gróður með vatnshreinsandi eiginleika
- Rúmgóð beð sem þola yfirflæði og geta geymt vatn.



LÝSING



Staðsetning:

- Hangandi yfir götuna

Tegund:



- Hangandi ljós

Skrautlýsing:

- Lýsing í beðum



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:

- Malbik með línu af hellum báðum megin

Gangstétt:


- Steypt á staðnum

Annað:

- Hellur úr steini/steypu í útskotum



TENGING




TENGING

„LÍFIÐ HANDAN GÖTUNNAR“



Tening er ein af íbúðagötunum í hverfinu og liggur frá norðri til suðurs. Gatan er hönnuð til að hámarka rými fyrir fólk og búa til svæði sem hvetur íbúa til að nota götuna sem framlengingu á heimili sínu, þ.e. sem „þriðja rýmið“. Þessi svæði geta nýst fyrir leik, lautarferðir, gróður og sem setusvæði.

Flæði götunnar er ekki jafn línulegt og í venjulegum götum og skapar mynstur með tengdu rými þar sem byggingar og inngangar báðum megin götunnar koma saman. Svæði fyrir akandi umferð er fyrir miðju og yfirborð þess breytist eftir svæðum til að sýna hvernig svæði fyrir fólk flæðir yfir umferðina.





NORÐUR




Aðstaða við götuna á borð við hjólaaðstöðu, ruslafötur og bílastæði er í beinni línu og fylgir skiptingu götunnar

Svæði þar sem má setja útihúsgögn, körfuboltaþúnað o.s.frv. sem stuðlar að iðandi mannlífi í hverfinu

Yfirborð breytist eftir svæðum, frá gegndræpu efni (t.d. mál) til mismunandi gerða og stærða af hellum







SUÐUR



Aðstaða við götuna á borð við hjólaaðstöðu, ruslafötur og bílastæði er í beinni línu og fylgir skiptingu götunnar



Raðir af limgerði og gróðri skilja svæðin að



TENGING

GRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:

- Blandað landslag
- Tré staðsett til að mynda opin svæði á götunni
- Beð fylgja mynstri götunnar

Plöntur / líffræðilegur fjölbreytileiki:

- Limgerði og gróður sem afmarkar rými í suðri



HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:

- Húsgögnum dreift eftir breiðri gangstétt til að stuðla að mannlífi
- Skemmtilegar margnota einingar

Litur/efnivíður:

- Heimilisleg húsgögn
- Margir litir

Félagslegt gildi:

- Opið svæði á milli bygginga til að blanda geði
- Eins og í litlu hverfi þar sem nágrannar spjalla saman á götunni



INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Hugguleg og breið gangstétt báðum megin

Gangbrautir:

- Mynstur á götunni býr til óformlega gatnaþverun

Hjól:

- Á akbraut

Hjólastandar:

- Á svæði þar sem umferð er báðum megin

Umferð:

- Einstefnugata í sömu hæð og gangstéttir

Bílastæði:


- Innbyggð þeim megin sem umferð er

Rusl:

- Litlar ruslafötur við göturnar
- Förgun úrgangs skal samræma og útfæra innan byggingareitanna



STJÓRNUN OFANVATNS





Almenn stefna:

- Gegndræpt yfirborðsefni
- Niðurföll á götu sem fylgja mynstrinu



LÝSING



Staðsetning:


- Hangandi yfir götunni, fylgja mynstri

Tegund:

- Hangandi ljós



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:



- Gegndræpt malbik - í mismunandi litatönum, hellur úr steini eða steypu

Gangstétt:


- Dökkur, náttúrulegur steinn og ljósar hellur

Annað:

- Litamunur til að leggja áherslu á mismunandi svæði








NÁTTÚRA

„NÁTTÚRAN TEYGIR SIG EFTIR GÖTUNUM“



Náttúra er ein gerð af götu sem liggur frá norðri til suðurs þar sem bílar aka í einstefnu. Þar sem gatan er í miðju hverfinu henta aðstæður þar vel til að nýta ofanvatn og safna vatni frá nálægum svæðum. Gatan er hönnuð til að hámarka rými fyrir gróður og söfnun ofanvatns. Áberandi einkenni götunnar er stórt gróðurbeð sem teygir sig eftir götunni. Það er niðurfellt með nægu rými fyrir fjölbreyttan gróður og söfnun regnvatns. Brýr úr stáli liggja yfir beðið til að hægt sé að ganga yfir eða hittast. Þannig skapast óhindrað „náttúrulegt“ umhverfi með fjölbreyttu lífríki.

Svæði fyrir akandi umferð er með kantsteini á báðum hliðum til að koma í veg fyrir að bílum sé lagt þar sem þeir eiga ekki að vera.



NORÐUR





Gróskumikið niðurfellt grænt svæði:
 fallegt umhverfi fyrir vegfarendur, stuðlar
 að lífræðilegri fjölbreytni og söfnun
 ofanvatns

Göngubrýr tengja hliðar götunnar saman
 og veita upplifun eins og fólk sé
 „úti í náttúrunni“

Aðstaða fyrir stóra og smáa: gervihreiður
 fyrir fugla og „skordýrahótel“ stuðla að
 fjölbreyttu dýraríki

Einstefna





SUÐUR




Svæði fyrir afþreyingu og hvíld: langir bekkir á nokkrum hæðum, leiksvæði (t.d. með bordtennisborðum)

Gróskumikið niðurfelt grænt svæði: fallegt umhverfi fyrir vegfarendur; stuðlar að lífræðilegri fjölbreytni og söfnun ofanvatns


Miðpunktur mannlífs götunnar: innbyggð aðstaða fyrir samfélagið. Einstök og litrik hönnun

Hjólastandar, ruslafötur og tímabundin bílastæði aðlagð að græna svæðinu.





GRÓÐUR




Stefna fyrir gróðursetningu:



- Blandað landslag
- Breið og rúmgóð beð öðrum megin götunnar
- Tré gróðursett í beðum

Plöntur / liffræðilegur fjölbreytileiki:

- Niðurfelld beð til að stjórna ofanvatni
- Gróður sem aðlagar sig þurrki og bleytu
- Blanda af grasi, fjölærum plöntum og runnum
- Byflugnabú og skordýrahótel
- Mismunandi gróður og tegundir




HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:


- Handrið með innbyggðum bekkjum meðfram beðinu
- Göngubrýr úr götuðum málmplötum liggja yfir beðið
- Húsgögn mynda nokkurs konar kant við götuna
- Plöntugrind með innbyggðum bekkjum



Litur/efniviður:

- Samræmt litapema, blár
- litaður málmur
- Félagslegt gildi:
- Svæði til að blanda geði og hittast
- Skemmtilegar margnota einingar

INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Gangstétt báðum megin götunnar

Gangbrautir:

- Göngubrýr úr götuðum málmplötum liggja yfir beðið

Hjól:

- Hjólaumferð á akbraut

Hjólastandar:

- innbyggðir hjá beðum og svæðum með aðstöðu fyrir fólk

Umferð:


- Einstefnugata sem er aðskilin frá gangstétt með kantsteini

Bílastæði:

- Innbyggð hjá beðum

Rusl:

- Litlar ruslafötur við göturnar
- Förgun úrgangs skal samræma og útfæra innan byggingareitanna




STJÓRNUN OFANVATNS




Almenn stefna:

- Niðurfelld beð með handriði til að nýta ofanvatn af götunni
- Gróður með vatnshreinsandi eiginleika
- Rúmgóð beð sem þola yfirflæði í mikilli rigningu



LÝSING



Staðsetning:


- Á gangstéttinni

Tegund:



- Ljósasúla til að lýsa gönguleið

Skrautlýsing:

- Lýsing í beðum sem lýsir upp tré og gróður
- Innbyggð lýsing í götugögnum



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:


- Malbik á akbraut


Gangstétt:

- Steypt á staðnum

Annað:

- Litríkt samkomusvæði með blárri steypu sem dregur í sig hita





LÍNAN

„SKEMMTILEGT LÍF Á LÍNUNNI“



Línan er ein af íbúðagötunum í hverfinu og liggur frá norðri til suðurs. Gatan er hönnuð til að vera miðpunktur virkni og samskipta fyrir íbúana í kring. Ósamhverft snið götunnar lágmarkar svæði fyrir bíla og skapar pláss fyrir samfellda línu með ýmiss konar aðstöðu - lifandi línu. Leikvöllur, tæki til útiæfinga, sæti eða völlum fyrir kúluleik (boule) teygja sig eftir allri götunni með gróðurbletti á milli.

Svæði fyrir akandi umferð er með kantsteini á báðum hliðum til að koma í veg fyrir að bílum sé lagt þar sem þeir eiga ekki að vera



NORÐUR




Mörg tré mynda fallett skjól fyrir gangstíg með bekkjum, plöntum og annars konar aðstöðu: hjólastöndum, ruslafötum o.s.frv.

Litlir kastarar (perur) á milli stanganna minna á stjörnubjartan himinn.

Gegndræpt yfirborð (t.d. mól).

Einstefna.






SUÐUR



Virkt svæði: útiæfingarsvæði meðfram götunni. Æfingabúnaður einkennist af áberandi litum og frumlegri hönnun


Gegndræpt yfirborð á æfingarsvæði: t.d. mól. Sæti, nokkrar plöntur og tré eru í bland við æfingatækin



Svæði fyrir kúluleik (boule) með sætum í kring


Litlir kastarar (perur) á milli stanganna minna á stjörnubjartan himinn

Einstefna





GRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:

- Blandað landslag
- Allur gróður öðrum megin götunnar
- Plöntugrindur með klifurjurtum í suðri

Plöntur / liffræðilegur fjölbreytileiki:

- Engin beð í norðri
- Smærri beð í suðri
- Blanda af trjám



HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:


- Plöntugrind með klifurjurtum
- Fjölnota einingar fyrir íþróttir og leiki
- Völlur fyrir kúluleik (Boule)
- Innbyggðir bekkir

Litur/efniviður:


- Samræmdir litir; gulur/appelsínugulur

Félagslegt gildi:

- Samkomusvæði fyrir íbúa
- Leikur og líf í götunni



INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Gangstétt báðum megin götunnar

Gangbrautir:

- Gönguþverun alls staðar á götunni

Hjól:

- Á akbraut

Hjólastandar:

- Innbyggðir þeim megin götunnar sem umferð er

Umferð:


- Einstefnugata til hliðar og í sömu hæð og gangstétt

Bílastæði:


- Innbyggðir þeim megin götunnar sem umferð er

Förgun úrgangs:

- Förgun úrgangs skal samræma og útfæra innan byggingareitanna




STJÓRNUN OFANVATNS




Almenn stefna:

- Gegndræp mól á virku svæði
- Niðurföll á götu
- Nokkur beð á suðurgötu sem taka við vatni



LÝSING




Staðsetning:


- Báðum megin við virkt svæði

Tegund:

- Hangandi ljós á staurum



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:


- Malbik

Gangstétt:


- Steypt á staðnum

Annað:

- Mól á virku svæði



GARÐUR



GARÐUR

„VOTLENDISGARÐUR MEÐ MJÚKAR ÚTLÍNUR“



Garðinum er skipt upp í þrjá afmarkaða hluta - tvö svæði við jaðrana og landslag fyrir miðju. Svæðin til hliðar mynda umgjörð fyrir landslagið og bjóða upp á þægilega tengingu í gegnum garðinn. Jaðrarnir eru misjafnlega breiðir til að skapa rými fyrir ýmis viðfangsefni í garðinum. Svæðið fyrir miðju lagar sig að ytri rýmum og hallar í átt að miðjunni, þar sem finna má tjarnir þar sem regnvatn safnast (allt eftir ástandi jarðvegs, í sumum tjörnum gæti verið fast vatnsyfirborð). Gróðurinn er í takt við landslagið í kring, trjágróður, votlendi og strandlengju og breytist smátt og smátt eftir því sem nær dregur ströndinni.



Trjáþyrpingar yta undir fuglalíf og skjól á ákveðnum stöðum en þar á milli eru blettir sem njóta sólar.

Inn á milli grænu svæðanna eru pallar þar sem fólk getur komið saman og sinnt hugðarefnum sínum.




Brú yfir garðinn til að veita samfellda tengingu á milli svæða.

Mismunandi lög af gróðri: landslagið breytist úr sléttum grasflötum yfir í villt svæði með plöntum og lækkar stundum niður og verður að vottendi.


Breiðir og þægilegir göngu- og hjólastígar báðum megin götunnar.

Að auki eru „náttúrulegir“ stígar um garðinn afmarkaðir með steinum.



GARÐUR

GRÓÐUR



Stefna fyrir gróðursetningu:


- Blandað landslag
- Græn tenging við önnur græn svæði

Plöntur / líffræðilegur fjölbreytileiki:

- Áhersla á gróður í miðju garðsins, breið gróskumikil svæði með plöntur í mismunandi hæð
- Blanda af plöntum og trjám sem geta aðlagast sig að þurrki og bleytu.



HLUTVERK/AÐSTAÐA



Aðstaða:

- „Svalir/pallar“ við hliðar garðsins
- Sæti
- Leikur, íþróttir og önnur viðfangsefni

Litur/efniviður:


- Samræmi í litum og efnivið á jöðrunum

Félagslegt gildi:

- Virk svæði við hliðar garðsins, gangstéttin breikkar á tilteknum stöðum til að skapa rými fyrir fólk.



INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Gangstétt báðum megin við garðinn og minni stígar og göngubrýr inni í garðinum

Gangbrautir:

- Aðalgönguþverur er á göngubrú.

Hjól:

- Hjólastígur öðrum megin við garðinn

Hjólastandar:

- Við hliðar garðsins

Umferð:

- Engin umferð í garðinum, aðeins göngubrú fyrir miðju


Bílastæði:

- Engin bílastæði

Rusl:

- Litlar ruslafötur við göturnar

STJÓRNUN OFANVATNS




Almenn stefna:

- Stórt svæði með gróðri í miðjum garðinum. Svæðið er í mismunandi hæð, þolir yfirflæði og safnar ofanvatni og yfirborðsvatni í mikilli rigningu
- Í miðjum garðinum eru sumir hlutar hans enn dýpri með föstu vatnsyfirborði.



LÝSING



Staðsetning:

- Meðfram gangstétt

Tegund:

- Ljósastaurar og ljóssastikur

Skrautlýsing:

- Lýsing í beðum sem lýsir upp tré og gróður
- Innbyggð lýsing við jaðrana



YFIRBORÐSEFNI



Akstursyfirborð:

- Engar akbrautir

Gangstétt:


- Steypt á staðnum við jaðrana
- Mól á sumum stöðum

Annað:

- Viðarpallur einu þrepi lægra en steypiti jaðarinn




TORG





TORG

„STEINAR OG MOSI Í SÓLRÍKU UMHVERFI“



Torginu er skipt í þrjá hluta - grænt svæði til hliðar, opið svæði og virkt svæði. Græna svæðið er í anda götuhönnunar í Fáfnisnesi. Það rammur inn torgið sunnan megin og býr til söfnunarsvæði fyrir regnvatn.

Þar sem minni sól skín á þessa hlið verða hjólastandar og önnur aðstaða einnig á þessari hlið. Á opna hluta torgsins verður hægt að setjast niður og slaka á í sólinni á bekkjum sem minna á stóra steina með litlum tjörnum og lágum gróðri sem er fellt inn í yfirborðið. Hlutar af þessu svæði eru auðir til að hægt sé að nota það á ýmsan hátt við mismunandi tækifæri, t.d. með mörkuðum, sýningum, litlum samkomum o.s.frv. Virka svæðið er við framhlið nálægrar byggingar en þar verður útisvæði fyrir kaffihús og veitingastað.



Tjáþyrpingar afmarka suðurhlíð torgsins og veita nóg rými fyrir stjórnun ofanvatns

Strætóbíðstöð er á svæði þar sem sólin skín




Einstakt mynstur á yfirborðinu með litlum niðurfelldum tjörnum og plöntum sem bæta loftgæði í kring.

Útskorin sæti eru á stórum steinum sem standa ymist stakir eða nokkrir saman til að fleiri geti setið saman



TORG

GRÓÐUR




Stefna fyrir gróðursetningu:

- Stórt svæði með beðum og röð af trjám í kringum torgið
- engin tré eru á miðju torginu til að það fái næga sól.
- Plöntur/liffræðilegur fjölbreytileiki:
- Lítil beð og tjarnir á miðju torginu




HLUTVERK/AÐSTAÐA




Aðstaða:

- Steinar sem eru sæti
- Pláss fyrir útisvæði veitingastaðar og kaffihúss
- Litur/efniviður:**
- Dökkur steinn, undir áhrifum frá strandlengjunni
- Félagslegt gildi:**
- Sæti eru ýmist stök eða nokkur saman til að henta mismunandi tegundum hittinga
- Möguleiki á halda ýmsa viðburði á torginu




INNVIÐIR



Gangandi vegfarendur:

- Umferð gangandi vegfarenda yfir allt torgið
- Gangbrautir:**
- Gangbrautir yfir á torgið af gangstéttum, á nærliggjandi götu og við strætóbiðstöð hjá götu sem liggur frá austri til vesturs
- Hjól:**
- Engir hjólastígar á torginu, eingöngu á nærliggjandi götu
- Hjólastandar:**
- Við enda torgsins sem snýr að götunni.
- Umferð:**
- Strætóbiðstöð við torgið
- Bílastæði:**
- Engin bílastæði
- Sorp:**
- Litlar ruslafötur á torginu

STJÓRNUN OFANVATNS




Almenn stefna:

- Hart yfirborð með vatnsspeglum
- Niðurföll og leiðslur fyrir stjórnun ofanvatns
- Opnar vatnrásir sem fyllast af vatni þegar rignir og leiða vatnið í vatnsspeglana




LÝSING




Staðsetning:

- Á víð og dreif á miðju torginu
- Tegund:**
- Háir ljósastaurar
- Skrautlýsing:**
- Innbyggð lýsing í húsgögnum, í yfirborðsefni og tjörnum
- Hengiljós yfir veitingastað



YFIRBORÐSEFNI




Almennt yfirborð:

- Dökkur steinn sem hefur verið meðhöndlaður með ýmsum hætti, stundum slípaður og stundum með hrjúfu yfirborði.
- Innblásið af dökkum klettunum við strendur Íslands.




HÖNNUNARLEIÐBEININGAR - INNGARÐAR

HEILDARHUGMYND FYRIR INNGARÐA



EINSTÖK HÖNNUN FYRIR HVERN INNGARÐ

- Hver inngarður ætti að hafa sinn einstaka karakter sem er útfærður sérstaklega fyrir hverja byggingu.
- Karakter inngarðsins myndar þannig andstæðu við blandað landslagið á öllu svæðinu.



INNBLÁSTUR FYRIR LANDSLAG HÚSAGARÐA

- Við hönnun húsagarða skal leita innblásturs í íslensku landslagi.
- Útfærslurnar ættu að vísa í mismunandi eiginleika landslagsins.
- Á næstu síðum eru dæmi um hönnun í húsagörðum sem er í anda íslensks landslags.



JÖKLAR




LITIR OG ÁFERÐ

- Hvítir og kaldir litir
- Gagnsætt yfirbragð, fingert og fagað
- Hrjúft yfirborð með skörpum brúnum
- Hvítur steinn, ljós steypa og gler



GÖTUGÖGN OG AÐSTAÐA

- Sæti með óreglulegum og skörpum brúnum
- Hlutir í mismunandi stærð, allt frá mjög litlum upp í mjög stóra
- Innbyggð lýsing
- Skemmtileg þrep á milli svæða
- Nútímalegur, hvítur garðskáli með gleri



LANDSLAG

- Rúmgóð opin svæði sem njóta sólar og skapa bjart rými.
- Hrjúft yfirborð gefur rýminu fjölbreytilegan blæ




STRANDLENGJA




LITIR OG ÁFERÐ

- Skarpar og beinar línur í bland við mjúkar vatnskenndar línur
- Dökkur steinn með hrjúfu yfirborði
- Áhrifamikil form, há, lág og lóðrétt
- Dökkur steinn, mól og malbik





GÖTUGÖGN OG AÐSTAÐA

- Sæti koma upp úr jörðinni
- Vatn til að mýkja og kæla harkalegt, dökkt og hlýtt yfirborðið
- Húsgögn breytast í hlýlegri leiksvæði
- Vatn er hluti af leiksvæði



LANDSLAG

- Dökk svæði draga í sig hita svo það verður hlýtt í kring
- Áberandi landslag með skörpum brúnum og dökkum litum
- Stór opin svæði þar sem fólk getur komið saman
-



GRJÓT OG MOSI TIL FJALLA

- Steinn og mól í bland við mjúkt, grænt gras
- Mjúkt, ójafnt, mosavaxið yfirborð
- Mjúk og ávöl áferð

LITIR OG ÁFERÐ



GÖTUGÖGN OG AÐSTAÐA

- Leikur er hluti af grænum svæðum, náttúran hvetur til leiks
- Notaleg sæti
- Húsgögn innbyggð í landslagið
- Götugögn sem hægt er að færa



LANDSLAG

- Bylgjótt landslag með grjóti og mosa
- Yfirbragð eins og falleg landslagsmynd



GRASLENDI

LITIR OG ÁFERÐ

- Mjúk strá og gras í bland við steina
- Fjölbreyttar tegundir af grasi, grasbölum og fjölærum plöntum og allt frekar stórgert
- Grjót og mól á stígum og samkomusvæðum

GÖTUGÖGN OG AÐSTAÐA


- Stórar opnar grasflatir til að leika og hittast
- Innbyggð sæti með hátt gras í kring
- Streymandi vatn fyrir leik og aðra skemmtun

LANDSLAG

- Lækur sem liðast um opið landslag
- Stór græn svæði með grasflöt og engi
- Upphækkun með pöllum úr steini
- Grasbalar búa til umgjörð um smærri grasflatir þar sem hægt er að leika og verja tíma með sínum nánustu



JARÐHITASVÆÐI




LITIR OG ÁFERÐ

- Heitt og kalt
- Andstæðir litir, grænblár, gulur og bleikur, í bland við náttúrulega lýsingu og dökkan stein.
- Hrjúfar og sprungnar línur með mjúku og litríku yfirborði



GÖTUGÖGN OG AÐSTAÐA

- Litrík sæti með innbyggðri lýsingu.
- Sæti eru felld niður í jörðina
- Skemmtileg og falleg vatnsaðstaða með úðun og gosbrunnum



LANDSLAG

- Stór, opin svæði með litlum niðurfelldum blettum með vatni, leiksvæðum eða sætum
- Svæði sem dregur í sig hita með skuggsælum blettum
- Litríkt landslag með miklum andstæðum



2021-2022

Mandaworks AB
fyrir Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
skipulag@reykjavik.is

Reykjavíkurflogvelli, 13. maí 2022
INN2205004SBJ

Efni: Deiliskipulagsbreyting Nýja Skerjafjörður. Umsögn Isavia

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst félaginu í tölvupóstum 29. apríl og 3. maí sl. vegna deiliskipulagsbreytinga á skipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Vísað var til gagna á vef Reykjavíkurborgar: <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/nyi-skerjafjordur>

Isavia ítrekar fyrri ábendingar um að innan skipulagssvæðisins gilda skipulagsreglur Reykjavíkurflogvallar <https://www.isavia.is/media/1/reykjavikurflogvollurskipulagsreglur.pdf>

Það vekur athygli að byggingarheimildir eru víða settar þannig upp í skipulaginu að sneitt er af þökum og þakköntum þannig að þeir standi ekki upp í hindranaföt þ.e. gengið er eins nærri hindranafleti og mögulegt er. Af því leiðir að ekki er svigrúm til breytinga og að enginn búnaður má standa upp úr hluta af þökum.

Félagið bendir um leið á að mjög víða koma byggingarkranar og önnur tæki til með að þurfa að standa upp í hindranaföt flugvallarins á verktíma sem kann að skapa aukna hættu, vegna nálægðar við flugvöllinn. Samkvæmt skipulagsreglum þarf að afla heimildar Samgöngustofu fyrir öllum slíkum frávikum.

Samkvæmt breytingatillögu deiliskipulagsins er nú gert ráð fyrir afmörkuðu svæði fyrir tímabundin haugsvæði. Ekki virðist vera getið um hámarkshæð hauga eða leyfilegt magn innan svæðisins, einungis stærð svæðanna. Félagið telur að tryggja þurfi að hæð og stærð hauga þurfi að afmarka þannig að þeir sem og tæki sem notuð verða við vinnslu á svæðinu fari ekki upp í hindranaföt. Jafnframt þarf að skoða hvort haugar geti haft vindáhrif á flugbrautir. Þá þarf að tryggja að vinnsla efnis og geymsla verði þannig hagað að ekki berist ryk eða annað fráefni inn að flugbrautum flugvallarins.

Isavia hefur verulegar áhyggjur af því að byggingar og vinna við þær kunni að skapa hættu með tilliti til flug- og rekstraröryggis flugvallarins. Bent er á að byggð samkvæmt deiliskipulagi Nýja Skerjafjarðar verður töluvert nær báðum flugbrautum flugvallarins en byggðin við Hlíðarenda en samkvæmt upplýsingum frá flugmönnum virðast þær hafa nokkur vindáhrif á N/S flugbrautina sem liggur þar næst.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Framkvæmdastjóri

Afrit: Samgöngustofa

USK Skipulag

Frá: Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>
Sent: föstudagur, 20. maí 2022 14:14
Til: USK Skipulag
Efni: 2205030 - Aðalskipulagsbreytingar Reykjavíkur 2022

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan dag
Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 19. maí s.l.

Aðalskipulagsbreytingar Reykjavíkur 2022 - 2205030

Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 29. apríl 2022, varðandi auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýi Skerjafjörður.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýja Skerjafjarðar.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
bt. Puríðar Guðmundsdóttur skrifstofufulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
skipulag@reykjavik.is

Dags. 02.06.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0113
0.5.1

Með erindi dags. 29. apríl sl. óskaði umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir ábendingum og athugasemdum Veðurstofu Íslands við tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýja-Skerjafjörð.

Svar Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í kafla 3.6 *Hækkun sjávarmáls* í greinargerð og almennum skipulagsskilmálum er birt tafla þar sem fram kemur að gert sé ráð fyrir 0,54 m hækkun sjávar til ársins 2100 vegna hnattrænnar hækkunar og landhæðabreytinga. Þetta er skjáskot úr töflu 13 í skýrslu Vegagerðarinnar *Láagsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð* (Sigurður Sigurðarson 2018) sem byggir aftur á skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá 2018. Í báðum skýrslunum er bent á að þetta mat sé mjög lágt og taki ekki tillit til óvissu um sjávarstöðuhækkun. Í skýrslu Vegagerðarinnar segir:

Í skýrslu þessari er lagt til að landhæð á láagsvæðum verði að lágmarki í sömu hæð og flóð með 100 ára endurkomutíma í lok 21. aldar. Til að taka enn frekar tillit til óvissu um sjávarstöðuhækkun m.a. vegna hnattrænnar hlýnunar, þá er lagt til að lágmarks gólfhæð húsa á láagsvæðum verði 0,3 m hærrí en lágmarks landhæð. Grófrými svo sem bílakjallarar geta verið lægri en þau skulu þá varin leka upp í lágmarksgólfhæð.

Eðlilegt er því að miða við a.m.k. 0,84 m frekar en 0,54 m. Þetta byggði á sviðsmynd 1 m hnattrænnar hækkunar sjávaryfirborðs árið 2100 og óvissu um það hvernig sú hækkun væri reiknuð að Íslandsströndum. Síðan þessi skýrsla kom út hefur Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gefið út skýrslu (IPCC 2021) þar sem fram kemur að sambærilegar sviðsmyndir gefi allt að 1,88 m hækkun árið 2150, en nefndin tekur einnig fram að mikil óvissa ríki um þetta og ekki sé lengur hægt að útiloka allt að 2 m hækkun árið 2100 og 5 m árið 2150 (IPCC 2021, *Summary for Policymakers* B.5.3, bls. 21).

https://www.ipcc.ch/report/ar6/wg1/downloads/report/IPCC_AR6_WGI_SPM.pdf

Ekki verður sagt að í deiliskipulagstillögu þessari felist trúverðugar mótvægisáðgerðir. Hækkun sjávarmáls af þessari stærðargráðu er ekki vandamál sem leysist með blágrænum ofanvatnslausnum eða öðrum sjálfsögðum regnvatnslausnum.

Í fyrri umsögn Veðurstofunnar til borgarinnar, dags. 23. nóvember 2020, og í umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatskýrslu varðandi landfyllingu, dags. 13. desember 2021, var lögð áhersla á mikilvægi þess að í skipulaginu verði gerð grein fyrir hvernig bregðast eigi við sjávarstöðuhækkun og hvernig hægt verði að koma við sjóvörnum. Einnig bendir Veðurstofan á að óeðlilegt sé að miða við árið 2100 þar sem hækkun sjávarstöðu mun ekki stöðvast ekki

Þá. Þau hverfi borgarinnar sem byggð eru nú verða til staðar árið 2100, rétt eins og þau hverfi sem byggð voru fyrir 1940 eru enn við lýði.

Með tilliti til nýlegrar skýrslu IPCC verður að gera þá kröfu til Reykjavíkurborgar að hækkun sjávarstöðu verði tekin föstum tókum við skipulagsgerðina. Gera þarf ráð fyrir meiri hækkun en 0,54 m, hækka þarf það mat og einnig þarf skipulagið að lýsa því til hvaða aðgerða sé hægt að grípa fari sjávarstöðuhækkun úr böndunum, þ.e. hvernig koma skuli við sjóvörnum síðar, gerist þess þörf. Þetta mat þarf að miðast við lengri tímaramma en til 2100 svo verulegum vandræðum verði ekki vísað á komandi kynslóðir.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbær, 13. júní 2022
erindi nr. 202205017/19.2 fdb

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 567. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 10.6.2022, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Nýi Skerjafjörður- Reykjavíkurborg- breyting á deiliskipulagi

Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 29.4.2022, vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð.

Athugasemdafrestur er frá 27.04.2022 til og með 13.06.2022.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is/gjaldskrar

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



USK Skipulag

Frá: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: mánudagur, 13. júní 2022 14:09
Til: USK Skipulag
Afrit: Eydís Líndal Finnbogadóttir - NI
Efni: Re: Nýi Skerjafjörður, auglýsing

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202205-0001 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð.

Deiliskipulag fyrir Nýja Skerjafjörð var samþykkt í heild sinni í apríl 2021 og er hér verið að breyta vissum atriðum. Náttúrufræðistofnun veitti ekki umsögn um deiliskipulagið þegar það var upphaflega samþykkt. Hins vegar hefur stofnunin veitt umsögn um aðalskipulagsbreytingu tengt uppbyggingu í Nýja Skerjafirði, síðast 28. október 2020.

Í þeirri umsögn var einkum til umfjöllunar áform um landfyllingu vegna síðari áfanga Nýja Skerjafjarðar og taldi Náttúrufræðistofnun að ekki ætti að fara í gerð landfyllingar vegna náttúruverndargildis svæðisins einkum fjöruvistgerða og búsvæða fugla. Náttúrufræðistofnun hefur veitt fleiri umsagnir um landfyllinguna í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, nú síðast umsögn til Skipulagsstofnunar um umhverfismatskýrslu framkvæmdarinnar þann 13. desember 2021.

Þar sem landfyllingin er ekki hluti af fyrsta áfanga Nýja Skerjafjarðar er hún ekki til umfjöllunar í samþykktu deiliskipulagi eða í tillögu að breytingu þess sem hér er til umsagnar. Því verður ekki vísað frekar í athugasemdir Náttúrufræðistofnunar um landfyllinguna en þar sem framkvæmd og ýmsar útfærslur í skipulagi fyrsta áfanga eru miðaðar við að annar áfangi byggðarinnar rísi að hluta á landfyllingu, er mikilvægt að koma þeim sjónarmiðum á framfæri að Náttúrufræðistofnun telur að frekar ætti að móta byggðina þannig að landfylling verði ekki nauðsynleg.

Varðandi þau atriði sem fjallað er um í breytingu á deiliskipulagi hefur Náttúrufræðistofnun litlar sem engar athugasemdir. Þó má nefna skilgreininu á tímabundnu haugsvæði til að geyma mengaðan jarðveg meðan á vinnu við jarðvegshreinsun stendur yfir. Syðra haugsvæðið og það stærra verður staðsett nokkuð nærri strandlínu og búsvæðum fugla og annarra lífvera. Tryggja verður að engin hætta sé á að mengun geti borist af haugsvæðinu út í náttúruna og hafa skýra verkferla til að takast á við mengunaróhöpp. Þá verður að tryggja að hreinsun jarðvegs fari fram á þann hátt að engin hætta sé á að mengun berist út í náttúruna við hreinsunina, og að hún virki þannig að ekki verði notaður mengaður jarðvegur við landmótun innan svæðisins.

Varðandi deiliskipulag fyrsta áfanga almennt telur Náttúrufræðistofnun að ýmsar jákvæðar og umhverfisvænar áherslur sé í því að finna og má þar nefna skilmála um ofanvatnslausnir, úrgangslausun, gróðursvæði o.fl. sem og að hönnunarleiðbeiningar fjalli um atriði eins og líffræðilega fjölbreytni. Þó má benda á að í umhverfismati deiliskipulagsins er sérkennilegt að ekkert sé fjallað um áhrif þess á lífríki því þó fyrsti áfanginn byggist upp á röskuðu svæði þá er um að ræða nýja byggð nálægt náttúrusvæðum sem m.a. eru vernduð að hluta. Eðlilegt hefði verið að ávarpa hver áhrif þess gætu verið en nýrri byggð fylgir t.d. aukin umferð og nánd við búsvæði lífvera og þar með aukin hætta á truflun og raski.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>

To: "kjós@kjós.is" <kjós@kjós.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "skipulag@kopavogur.is" <skipulag@kopavogur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "Samtök sv.félaga á hb.svæðinu" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is" <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísa Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "sfs" <sfs@reykjavik.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "arny.sigurdardottir@reykjavik.is" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "Jóhanna Guðjónsdóttir" <Johanna.Gudjonsdottir@reykjavik.is>; "Helgi Grímsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Íbúaráð Vesturbær" <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>; "ibusamtokvesturbaejar@gmail.com" <ibusamtokvesturbaejar@gmail.com>; "ingunn.loftsdottir@isavia.is" <ingunn.loftsdottir@isavia.is>; "prydisfelagidskjoldur@gmail.com" <prydisfelagidskjoldur@gmail.com>; "lhg@lhg.is" <lhg@lhg.is>; "info@eagleair.is" <info@eagleair.is>; "abending@lrh.is" <abending@lrh.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "brokey@brokey.is" <brokey@brokey.is>; "straeto@straeto.is" <straeto@straeto.is>; "rls@rls.is" <rls@rls.is>; "fjr@fjr.is" <fjr@fjr.is>; "fs@fs.is" <fs@fs.is>; "stjorn@flugmal.is" <stjorn@flugmal.is>; "fia@fia.is" <fia@fia.is>; "lhm@lhm.is" <lhm@lhm.is>; "stjorn@flugmal.is" <stjorn@flugmal.is>; "einkaflug@internet.is"

<einkaflug@internet.is>; "hr@hr.is" <hr@hr.is>; "petur@borgarbragur.is" <petur@borgarbragur.is>; "throstur@bjargibudafelag.is" <throstur@bjargibudafelag.is>; "gudrun@fs.is" <gudrun@fs.is>

CC:

Subject: Nýi Skerjafjörður, auglýsing

Date: 29.4.2022 14:11:55

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýi Skerjafjörður, birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 27. apríl sl. Tillagan er í kynningu frá 27. apríl 2022 til og með 13. júní 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/nyi-skerjafjordur>

Nýi Skerjafjörður

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. mars 2022 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 5. apríl 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Nýja Skerjafjarðar. Við vinnslu deiliskipulagstillögu var m.a. horft til umhverfisgæða með hliðsjón af uppfærðu Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Breytingin felst í: 1. Komið er fyrir dreifistöðvum Veitna ohf. með byggingarreitum á þremur stöðum innan deiliskipulagssvæðis. Ein dreifistöðin, sú sem er nyrst í græna ásnum fær sérlóð. 2. Kafla 5.10 vegna lóðar 5 í greinargerð er breytt. 3. Afmörkun fylgilóða fyrir djúpgáma í götum felld niður og gert er ráð fyrir sorpgerðum á lóðum sérbýla og raðhúsa, og djúpgámum á fjölbýlishúsalóðum undir einu eignarhaldi. 4. Akfær stígur á lóð 5 er felldur niður og er byggingarreitur austanmegin lóðar verður þá óslitinn en þess í stað er komið fyrir akfærum stíg vestan megin lóðar að djúpgámum. 5. Svæði afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir, samtals 1 ha að stærð. 6. Tákn fyrir ofanvatnsrás á grænu svæði vestast á skipulagssvæði tekið út vegna breyttrar hönnunar ofanvatnslausna. 7. Byggingarreitir fyrir raðhús á lóð 2 dregnir inn 2m frá hjólastíg til að rýmka milli hjólastígs og húsgafla. 8. Byggingarreitir sérbýla við Skeljanes stækkaðir. 9. Lóðum 2, 3, 4, 6 og 10 skipt upp í smærri lóðareiningar. 10. Skilmálar fyrir lóð 10 undir hjúkrunarheimili eru felldir úr gildi en fjölbýlishúsum komið fyrir með allt að 80 íbúðum á lóðum 10a og 10b. 11. Lóðir sem snúa að miðsvæðum hafi heimild til atvinnu- og þjónusturýma á jarðhæðum sem snúa að götu. 12. Stök hús í inngörðum minnkuð á reitum 4 og 6. 13. Götuheitum nafnanefndar bætt inná uppdrátt. 14. Við port og sund á lóðum 3, 4, 5 og 10 skal vera uppbot í útvegg og vandaður frágangur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **27. apríl 2022 til og með 13. júní 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 13. júní 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Puríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2022
UST202205-010/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi - Nýi Skerjafjörður - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörðinn í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur m.a. út á að svæði eru afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir. Nyrðra haugsvæði er 2.500 m² reitur og syðra haugsvæði afmarkast af 7.500 m² reit. Samtals eru haugsvæðin 1 ha að stærð.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins dags. 16. október 2020 varðandi svæðið.¹

Jarðvegsrannsóknir

Í greinargerð kemur fram að við undirbúning deiliskipulags fór fram umfangsmikil jarðkönnun og mengunarrannsókn í jarðveg, en niðurstöður er að finna í skýrslu Eflu verkfræðistofu „*Jarðkönnun og mengunarrannsóknir í Skerjafirði*“ dags. 29.1.2019. Auk þess kemur fram á bls. 27 að mengaður jarðvegur innan deiliskipulagssvæðis verður fjarlægður áður en uppbygging hefst eða hreinsaður og nýttur fyrir jarðmanir eða annarskonar landmótun sem samræmist landnotkun.

Varðandi rannsóknina, gerir Umhverfisstofnun annars vegar athugasemdir við að prófíll mengunarinnar var ekki metin og þekking á menguðum jarðvegi er einungis í plani, en ekki þykkt. Hins vegar gerir stofnunin athugasemdir við að ekki var athugað hvort PFAS efni væru í jarðvegi, efni sem koma m.a. frá slökkvifroðum slökkviliðs, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að þessi efni séu skoðuð.

Framkvæmdir

Í greinargerð segir að heimilað er í skipulaginu að geyma jarðveg á framkvæmdatíma á afmörkuðu svæði innan deiliskipulagssvæðis, t.d. vegna loftunar eða hreinsunar, að því gefnu að tilskilin leyfi liggi fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og frágangur sé með þeim hætti að íbúar og aðrir verði ekki fyrir ónæði. Heimildin gildir í takmarkaðan tíma meðan framkvæmdir standa yfir og skal vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, sem gefur út starfsleyfi vegna slíkra svæða.

¹ <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20Reykjav%20-%20202010%20-%20202030%20-%20Skerjafj%20b6r%20c3%b0ur.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hversu mikil jarðvegur verður grafin upp á skipulagssvæðinu,

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 14. gr. reglugerðar 1400/2020 er óheimilt að blanda menguðum jarðvegi saman við annan jarðveg með það að markmiði að lækka styrk mengandi efna í honum. Því er mikilvægt að mismunandi styrk mengunarefna sé haldið aðskildum við framkvæmd hreinsunaraðgerða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út starfsleyfi fyrir uppgröft og meðhöndlun á menguðum jarðvegi skv. 19. lið, IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Landmótun

Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að jarðvegur sem notaður er í landmótun innan íbúðarsvæðis skal fylgja viðmiðunarmörkum í viðauka reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg samanber hámarksgildi fyrir landnotkun íbúðarsvæðis.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé í umhverfismati um áhrif hreinsunar og meðhöndlun á menguðum jarðvegi, þar sem m.a. eru skoðuð lyktarmengun vegna loftunar og möguleg áhrif á grunnvatn.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalstein Jónsson
teymisstjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Inga Sóley
Kristjónudóttir

ingasoley@minjastofnun.is

Umhverfis – og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2022
MÍ202205-0001/ 6.09 / I.S.K.

Efni: Nýi Skerjafjörður - breyting á deiliskipulagi

Með tölvupósti dagsett 29. apríl 2022 óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Hægt var að nálgast uppdretti og greinargerð tillögu á vef Reykjavíkurborgar. Fyrir liggur fornleifaskrá og húsakönnun sem unnin var fyrir svæðið af Borgarsögusafni Reykjavíkur og útgefin 2021 í skýrslu nr. 204 (*Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*).

Engar friðaðar minjar eða hús eru á ofangreindum skipulagsreit en til er heimild um nú horfna leið (220-203). Á svæðinu er hins vegar yngri minjar tengdar atvinnu- og þróunarsögu borgarinnar auk nokkurra herminja frá tímum síðari heimstyrjaldar. Í umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar – Skerjafjörður Þ5 dagsett 1. mars 2021 voru taldar upp minjar sem Minjastofnun taldi að huga bæri sérstaklega að og fjallað er um nokkrar þeirra í tillögu að breytingu deiliskipulags. Fram kemur að skoðað verði sérstaklega að viðhalda undirstöðum loftvarnarbyssa á fyrirhugaðri skólalóð og leitast verði við að endurgera olíubryggju og dráttarbraut og að mannvirkinn verði hluti af almenningsrýmum við fjöruna. Minjastofnun fagnar þessum áformum og hvetur til þess að yngri minjar séu felldar inn í deiliskipulagið og þær varðveittar eins og mögulegt er. Minjastofnun ítrekar því ábendingar sínar um að hugað sé að minjum nefskýlis (220-154) og að Skeljanes 21 sem er hluti af húsasamstæðu Skeljungs sem varðveita á að öðru leyti á lóð 16.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma


vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Inga Sóley Kristjónudóttir
Verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun skipulag@skipulag.is



Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13.júní 2022

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi Nýja Skerjafjarðar

Veitur hafa rýnt breytingar á deiliskipulagi Skerjafjarðar. Um er að ræða breytingar í 14.liðum við 1.áfanga Nýja Skerjafjarðar.

Veitur hafa rýnt tillöguna og gera eftirfarandi athugasemdir:

Rafmagn

Á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir dreifistöð í skólabyggingu. Samanber skilmála Veitna skal dreifistöð ekki liggja að íverurými og óska Veitur því eftir lóð fyrir dreifistöðina fyrir utan skólabygginguna.

Veitur óska eftir lóð fyrir dreifistöð á milli lóða 16, 17, 18, sjá meðfylgjandi teikningu. Veitur vilja ekki að það sé skilgreind lóð fyrir dreifistöð inn á lóð dælustöðvar Veitna (fráveitu) nr. 17.


Í greinargerð tillögunnar er tekið fram að hönnun á dreifistöð skuli verða vönduð og það til dæmis gert með grasi á þaki, gróðri umhverfis stöðvarnar, bekkjum og öðrum gögnum sem tengja þær umhverfi sínu. Veitur bjóða eingöngu uppá grunnlausnir við byggingu dreifistöðva, allt annað er á forræði og kostnað þeirra sem þess óska og í samráði við Veitur.

Fráveita

Í kafla 4.14 um ofanvatnslausnir er farið yfir tilgang með blágrænum lausnum. Við lýstan tilgang má bæta við að tilgangurinn er einnig að stýra flóðahættu vegna úrhellis og loftslagsbreytinga.

Kafli 5.9 í greinargerð fjallar um breytta legu 1400mm fráveitulagar. Veitur benda á að breyting á legu lagnarinna á eingöngu við ef landfyllingin verður að veruleika og þá í 2. áfanga. Semja þarf við Veitur, Kópavog og Garðabæ sem eiga lögnina í sameign um breytingar á lögninni.

Á reit 4 og 6 eru heimildir fyrir fjölbýlishúsum umhverfis inngarð og stök hús í garði heimiluð. Í breyttu deiliskipulagi er reit 4 skipt í tvær lóðir, en inngarður er sameiginlegur báðum lóðum varðandi frágang, aðgengi og viðhald. Óljóst er hvernig aðgengi er að húsum í inngörðum og benda Veitur á að breytingin getur valdið auknum kostnaði í hönnun og framkvæmd og mikilvægt er að endurskoða lagnakvaðir þar sem lagnir fara í gegnum lóðir.



Heppilegra er að hafa fleiri lóðir, til dæmis eina lóð fyrir hverja byggingu, til að tryggja skilvirkari tengingar heimlagna. Margar byggingar á lóð, sérstaklega ef þær eru byggðar af ótengdum aðilum, geta valdið auknu flækjustigi og kostnaði þegar kemur að heimlögnum og fráveitutengingum fyrir húsin.

Í kafla 5.16 kemur fram að byggingarreitir í kjallara geta verið undir lágmarks gólfkóta en gera þarf ráð fyrir flóðahættu við hönnun. Veitur benda á að ekki er heimilt að dæla grunnvatni úr kjöllumurum í skólperfi fráveitu.

Í kafla 3.10 sem fjallar um veitumannvirki kemur fram að allar kvaðir á svæðinu gildi og vísað er í minnisblað Veitna frá 2017. Veitur benda á að reynsla hefur áunnist síðan 2017.

Veitur benda einnig á að ekki er alltaf mögulegt að færa lagnir og flutningur á stofnlögnum getur verið mjög dýr og tímafrekur. Mikilvægt er að lagnakvaðir séu uppfærðar þegar endanleg lega lagna hefur verið staðfest.

Á uppdrætti er gert ráð fyrir spennistöð á lóð 17 innan byggingarreits. Veitur óska eftir að spennistöð sem sýnd er innan byggingar fráveitu verði tekin út.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi áframhaldandi góðs samstarfs og gera ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Frá: Fríða Rakel Linnet <Frida.Rakel.Linnet@veitur.is>

Sent: miðvikudagur, 17. ágúst 2022 14:02

Til: Andri Klausen <andri@ask.is>; Helga Rún Guðmundsdóttir <helga.run.gudmundsdottir@veitur.is>

Afrit: Páll Gunnlaugsson <pall@ask.is>; Ingvar Jón Bates Gíslason <ingvar.bates@reykjavik.is>; Anna Nielsen <Anna.Nielsen@veitur.is>

Efni: RE: Nýi Skerjó. DSK-breyting - ATH. Veitna

Við höfum engar athugasemdir varðandi staðsetninguna á nýju dreifistöðvunum.

Takk fyrir.

Kær kveðja,

Fríða Rakel Linnet

Rafmagnsverkfræðingur / sérfræðingur í fjárfestingarverkefnum rafveitu

Rafveita / Veitur

Sími: 516 6000 | Farsími: 8485977 | Netfang: Frida.Rakel.Linnet@veitur.is

Veitur | www.veitur.is



From: Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>

Sent: Tuesday, August 23, 2022 2:27 PM

To: Ingvar Jón Bates Gíslason <ingvar.bates@reykjavik.is>; Andri Klausen <andri@ask.is>; Páll Gunnlaugsson <pall@ask.is>

Cc: Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>; Borghildur Sölvey Sturludóttir <Borghildur.Solvey.Sturludottir@reykjavik.is>; Anna Nielsen <Anna.Nielsen@veitur.is>

Subject: FW: Nýi Skerjón. DSK-breyting - ATH. Veitna

Takk fyrir póstinn, sérfræðingar í fjárfestingum fyrir fráveitu og rafmagnsveitu hafa yfirfarið uppfærða tillögu gera ekki frekari athugasemdir.

Kær kveðja,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis og skipulagsmálum

Framtíðarsýn og rekstur / Veitur

Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is

Veitur | www.veitur.is





UMSÖGN

Varðar: Deiliskipulagsbreyting Nýja Skerjafjarðar / ATHUGASEMDIR OG SVÖR

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Nýja Skerjafjarðar. Við vinnslu deiliskipulagstillögu var m.a. horft til umhverfisgæða með hliðsjón af uppfærðu Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Breytingin felst í: 1. Komið er fyrir dreifistöðvum Veitna ohf. með byggingarreitum á þremur stöðum innan deiliskipulagssvæðis. Ein dreifistöðin, sú sem er nyrst í græna ásnum fær sérlóð. 2. Kafla 5.10 vegna lóðar 5 í greinargerð er breytt. 3. Afmörkun fylgilóða fyrir djúpgáma í götum felld niður og gert er ráð fyrir sorpgerðum á lóðum sérbýla og raðhúsa, og djúpgámum á fjölbýlishúsalóðum undir einu eignarhaldi. 4. Akfær stígur á lóð 5 er felldur niður og er byggingarreitur austanmegin lóðar verður þá óslitinn en þess í stað er komið fyrir akfærum stíg vestan megin lóðar að djúpgámum. 5. Svæði afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir, samtals 1 ha að stærð. 6. Tákn fyrir ofanvatnsrás á grænu svæði vestast á skipulagssvæði tekið út vegna breyttrar hönnunar ofanvatnslauna. 7. Byggingarreitur fyrir raðhús á lóð 2 dregur inn 2m frá hjólastíg til að rýmka milli hjólastígs og húsgafla. 8. Byggingarreitur sérbýla við Skeljanes stækkaðir. 9. Lóðum 2, 3, 4, 6 og 10 skipt upp í smærri lóðareiningar. 10. Skilmálar fyrir lóð 10 undir hjúkrunarheimili eru felldir úr gildi en fjölbýlishúsum komið fyrir með allt að 80 íbúðum á lóðum 10a og 10b. 11. Lóðir sem snúa að miðsvæðum hafi heimild til atvinnu- og þjónusturýma á jarðhæðum sem snúa að götu. 12. Stök hús í inngörðum minnkuð á reitum 4 og 6. 13. Götuheitum nafnanefndar bætt inná uppdrátt. 14. Við port og sund á lóðum 3, 4, 5 og 10 skal vera uppbot í útvegg og vandaður frágangur. 15. Akstursstefnur fjarlægðar af uppdrætti. Breyting deiliskipulagsáætlana þessara er sett fram á þremur uppdráttum; deiliskipulaguppdrætti, skýringaruppdrætti og skuggavarpuppdrætti, og í uppfærðri greinargerð, almennum skipulagsskilmálum og sérskilmálum, dags. 26. júní 2020 síðast br. 4. mars 2022. Einnig fylgir samantekt breytinga ásamt hönnunarleiðbeiningum fyrir almenningsrými, götur, torg og inngarða, dags. 4. mars 2022. Tillagan var auglýst frá 27. apríl 2022 til og með 13. júní 2022. Eftirtaldir sendu umsagnir: Isavia dags. 13. maí 2022, Bláskógabyggð dags. 20. maí 2022, Veðurstofa Íslands dags. 2. júní 2022, Mosfellsbær dags. 13. júní 2022, Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 13. júní 2022, Umhverfisstofnun dags. 13. júní 2022, Minjastofnun Íslands dags. 13. júní 2022 og Veitur dags. 13. júní 2022.

Tillagan var auglýst frá 27. apríl 2022 til og með 13. júní 2022.

Eftirtaldir aðilar sendu svör og athugasemdir:

Bláskógabyggð dags. 20. maí 2022,
Mosfellsbær dags. 13. júní 2022,
Minjastofnun Íslands dags. 13. júní 2022,

Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 13. júní 2022,
Umhverfisstofnun dags. 13. júní 2022,
Veðurstofa Íslands dags. 2. júní 2022,
Isavia dags. 13. maí 2022 og
Veitur dags. 13. júní 2022.

SAMANTEKT:

Almennt ganga athugasemdir hagaðila út á:

- Fyrirkomulag jarðvegshreinsunar / tímabundin haugsvæði
- Stærð / hámarkshæð haugsvæða
- Áhyggjur yfir möguleika á að mengaður jarðvegur berist frá haugsvæðum í búsvæði fugla og annarra lífvera
- að tryggt verði að mengun geti ekki borist út í náttúruna og skýrir verkferlar verði tiltækir til að takast á við mengunaróhöpp
- Sérkennilegt að ekkert sé fjallað um áhrif nýrrar byggðar á lífrík þó fyrsti áfanginn byggist upp á röskuðu svæði því um sé að ræða nýja byggð með t.d. aukinni umferð nálægt náttúruverndarsvæðum sem m.a. eru vernduð að hluta
- Farið er fram á að ekki verði notaður mengaður jarðvegur við landmótun innan svæðisins
- Ófullnægjandi jarðvegsrannsóknir
- Ónæði íbúa af framkvæmdum
- Bent á mikilvægi þess að að fjallað sé í umhverfismati greinargerðar um áhrif hreinsunar og meðhöndlunar á menguðum jarðvegi, m.a. lyktarmengun vegna loftunar og áhrif á grunnvatn
- Óvissa um aukna hnattræna sjávarstöðuhækkun og breytingar á landhæð á árbilinu 2100 til 2150 og hvernig skuli koma við sjóvörnum síðar gerist þess þörf
- Að byggð Nýja Skerjafjarðar verði töluvert nær báðum flugbrautum flugvallarins en byggðin við Hlíðarenda
- Að gengið sé nærri áhrifasvæða (hindrunarflötum) flugvallar vegna hæða húsa og hættu á framkvæmdatíma (hæð haugsvæða, byggingarkranar og önnur tæki)
- Að byggingar og vinna við þær kunni að skapa hættu með tilliti til flug- og rekstraröryggis flugvallarins
- Að skipting reita í smærri lóðir skapi óhagræði við fyrirkomulag lagna, lagnakvaða, frágang, aðgengi og viðhald
- Um fyrirkomulag spennistöðva, staðsetningar og frágangs

Bláskógabyggð, Mosfellsbær og Minjastofnun Íslands gerðu ekki efnislegar athugasemdir við framlagða breytingartillögu.

Minjastofnun Íslands fagnar áformum borgarinnar að leitast verði við að varðveita og viðhalda herminjum á svæðinu. Stofnunin ítrekar ábendingar að hugað verði að minjum nefskýlis (220-154) og að Skeljanes 21 sem er hluti af húsasamstæðu Skeljungs og varðveita á að öðru leyti á lóð 16. Stofnunin vekur athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Efnislegar athugasemdir sem bárust vegna framlagðrar tillögu eru í meginatriðum eftirfarandi:

A Náttúrufræðistofnun Íslands

Varðandi þau atriði sem fjallað er um í breytingu á deiliskipulagi hefur Náttúrufræðistofnun litlar sem engar athugasemdir. Þó má nefna skilgreininu á tímabundnu haugsvæði til að geyma mengaðan jarðveg meðan á vinnu við jarðvegshreinsun stendur yfir. Syðra haugsvæðið og það stærra verður staðsett nokkuð nærri strandlínu og búsvæðum fugla og annarra lífvera. Tryggja verður að engin hætta sé á að mengun geti borist af haugsvæðinu út í náttúruna og hafa skýra verkferla til að takast á við mengunaróhöpp. Þá verður að tryggja að hreinsun jarðvegs fari fram á þann hátt að engin hætta sé á að mengun berist út í náttúruna við hreinsunina, og að hún virki þannig að ekki verði notaður mengaður jarðvegur við landmótun innan svæðisins.

Varðandi deiliskipulag fyrsta áfanga almennt telur Náttúrufræðistofnun að ýmsar jákvæðar og umhverfisvænar áherslur sé í því að finna og má þar nefna skilmála um ofanvatnslausnir, úrgangslausun, gróðursvæði o.fl. sem og að hönnunarleiðbeiningar fjalli um atriði eins og líffræðilega fjölbreytni. Þó má benda á að í umhverfismati deiliskipulagsins er sérkennilegt að ekkert sé fjallað um áhrif þess á lífríki því þó fyrsti áfanginn byggist upp á röskuðu svæði þá er um að ræða nýja byggð nálægt náttúrusvæðum sem m.a. eru vernduð að hluta. Eðlilegt hefði verið að ávarpa hver áhrif þess gætu verið en nýrri byggð fylgir t.d. aukin umferð og nánd við búsvæði lífvera og þar með aukin hætta á truflun og raski.

Varðandi skilgreiningu á tímabundnu haugsvæði til að geyma mengaðan jarðveg meðan á vinnu við jarðvegshreinsun stendur, staðsetningu haugsvæðis nærri strandlínu, hreinsun jarðvegs á staðnum og notkun á jarðvegi við landmótun.

Svör:

A1 Hámarksstærð haugsvæða er ekki tilgreind í þessari deiliskipulagsbreytingu. Veturinn 2021-2022 fór fram frumhönnun og undirbúningur við að skilgreina jarðvegsflutninga til útboðs og hvernig staðið yrði að hreinsun landsins (svæðisins). Um tímabundna ráðstöfun er að ræða og því ekki ástæða til að tilgreina sérstaklega um hámarkshæð.

A2 Allur jarðvegur sem skilgreindur er ofan viðmiðunarmarka fyrir notkunarflokka íbúðarsvæða og atvinnusvæða verður að langmestu leyti settur beint á sérútbúna bíla og ekið í móttöku. Þessi jarðvegur hefur gengið undir heitinu rauður jarðvegur í vinnuferlinu. Búið er að kortleggja í öllum meginatriðum hvar rauðan jarðveg er að finna sbr. viðbótarrannsókn sem var framkvæmd á vormánuðum.

Þegar farið verður í að færa til jarðveg sem er innan viðmiðunarmarka annars vegar íbúðarsvæðis og hins vegar atvinnusvæðis er ekki hægt að útloka að upp komi rauður jarðvegur í einhverjum takmörkuðum mæli. Þá þarf að vera skilgreint haugsvæði þar sem leggja má frá sér í litlu magni rauðan jarðveg í skamman tíma. Helst sáu hönnuðir fyrir sér að slíkt svæði yrði þar sem rauðan jarðveg er að finna í dag, en svo yrði sá haugur fjarlægður þegar tíma- og magnmörkum yrði náð. Starfsleyfi framkvæmdarinnar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar (HER) myndi þá tilgreina hve mikið og hve lengi mætti safna í slíkar ferðir í móttöku með rauðan jarðveg sem til félli utan skilgreindra rauðra svæða.

A3 Engin hreinsun eða meðhöndlun á rauðum jarðvegi eru fyrirhugaðar á staðnum. Jarðveginum er sbr. svar A2 annað hvort ekið beint í móttöku eða safnað saman til skamms tíma í hauga og svo ekið í móttöku.

A4 Öll framkvæmdin sem fyrirhuguð er varðandi mengaðan jarðveg og verkferla vegna mengunaróhoppa verður skilgreind í samráði við HER og Umhverfisstofnun (UST).

A5 Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um áhrif nýrrar íbúabyggðar á (villt) lífríki í áfanga 1 umfram umfjöllun í köflum 6.4. og 6.5 um umhverfisgæði (hljóðvist, og umferð og loftgæði).

B Umhverfisstofnun

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur m.a. út á að svæði eru afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir. Nyrðra haugsvæði er 2.500 m² reitur og syðra haugsvæði afmarkast af 7.500 m² reit. Samtals eru haugsvæðin 1 ha að stærð.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins dags. 16. október 2020 varðandi svæðið.¹

Jarðvegsrannsóknir

Í greinargerð kemur fram að við undirbúning deiliskipulags fór fram umfangsmikil jarðkönnun og mengunarrannsókn í jarðveg, en niðurstöður er að finna í skýrslu Eflu verkfræðistofu „Jarðkönnun og mengunarrannsóknir í Skerjafirði“ dags. 29.1.2019. Auk þess kemur fram á bls. 27 að mengaður jarðvegur innan deiliskipulagssvæðis verður fjarlægður áður en uppbygging hefst eða hreinsaður og nýttur fyrir jarðmanir eða annarskonar landmótun sem samræmist landnotkun.

Varðandi rannsóknina, gerir Umhverfisstofnun annars vegar athugasemdir við að prófill mengunarinnar var ekki metin og þekking á menguðum jarðvegi er einungis í plani, en ekki þykkt. Hins vegar gerir stofnunin athugasemdir við að ekki var athugað hvort PFAS efni væru í jarðvegi, efni sem koma m.a. frá slökkvifroðum slökkviliðs, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að þessi efni séu skoðuð.

Framkvæmdir

Í greinargerð segir að heimilað er í skipulaginu að geyma jarðveg á framkvæmdatíma á afmörkuðu svæði innan deiliskipulagssvæðis, t.d. vegna loftunar eða hreinsunar, að því gefnu að tilskilin leyfi liggi fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og frágangur sé með þeim hætti að íbúar og aðrir verði ekki fyrir ónæði. Heimildin gildir í takmarkaðan tíma meðan framkvæmdir standa yfir og skal vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, sem gefur út starfsleyfi vegna slíkra svæða.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hversu mikil jarðvegur verður grafinn upp á skipulagssvæðinu,

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 14. gr. reglugerðar 1400/2020 er óheimilt að blanda menguðum jarðvegi saman við annan jarðveg með það að markmiði að lækka styrk mengandi efna í honum. Því er mikilvægt að mismunandi styrk mengunarefna sé haldið aðskildum við framkvæmd hreinsunaraðgerða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út starfsleyfi fyrir uppgröft og meðhöndlun á menguðum jarðvegi skv. 19. lið, IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Landmótun

Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að jarðvegur sem notaður er í landmótun innan íbúðarsvæðis skal fylgja viðmiðunarmörkum í viðauka reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg samanber hámarksgildi fyrir landnotkun íbúðarsvæðis.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé í umhverfismati um áhrif hreinsunar og meðhöndlun á menguðum jarðvegi, þar sem m.a. eru skoðuð lyktarmengun vegna loftunar og möguleg áhrif á grunnvatn.

Svör:

B1 Varðandi stærð og staðsetningu haugsvæða er vísað til svars A1 að ofan.

B2 Nefnt er í athugasemd að áformin í jarðkönnunarskýrslunni segi að jarðvegur verði fjarlægður eða hreinsaður áður en uppbygging hefst og nýttur fyrir jarðmanir eða annars konar

landmótun sem samræmist landnotkun. Ef verið er að gera athugasemd við þau áform er vísað til svars A2 að ofan.

B3 Varðandi prófil mengunar. Mengunin var metin í allt að 1,5 metra djúpum sýnatökuholum. Ekki voru grafnar gryfjur til að meta hvernig mengunin hugsanlega breytist með dýpt, hvorki innan þessara 1,5 metra eða dýpra. Slíkt yrði verkefni sem fellt yrði inn í sjálfa jarðvegsframkvæmdina, en það verk heitir Skerjafjörður – undirbúningsjarðvinna og mengaður jarðvegur, sjá einnig svör A2 - A4 að ofan.

B4 PFAS-efna er ekki getið í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Það mældist mikil mengun af ýmsu tagi við æfingasvæði slökkviliðsins og er frá því greint í skýrslunni á bls. 10, holur SM-30 - 33.

Óljóst er hvort áður hafi komið fram óskir frá UST um að þessi efni yrðu skoðuð. Þeirra mætti t.d. geta í leiðbeiningum með reglugerðinni sem UST er ætlað að útbúa. Ekki er ljóst hvenær framkvæmdaaðilar, skipulagshönnuðir og framkvæmdahönnuðir geti vænst þess að leiðbeiningarnar liggi fyrir.

B5 Varðandi það sem kemur fram í fyrstu málsgrein (samkvæmt orðanna hljóðan samantekt) undir millifyrirsögninni *framkvæmdir* þá er bent á svör A2 - A4 að ofan.

B6 Búið er að áætla hve mikill jarðvegur verði grafinn upp á skipulagssvæðinu, það kemur fram í skýrslu Eflu um jarðkönnun frá 2021 og verður þessu gerð nánari skil í útboðsgögnum fyrir jarðvinnuútbóðið, sbr. B3 og A1 - A3 hér að ofan

B7 Aldrei hefur staðið til að „bygna út“ mengaðan jarðveg með því að blanda hann með hreinum eða minna menguðum jarðvegi. Jarðvegi í mismunandi notkunarflokkum m.t.t. mengunar verður haldið aðskildum. Við hönnun og skilgreiningu jarðvinnuverksins verða svæðin þar sem greindist jarðvegur í mismunandi notkunarflokkum tekin nánar fyrir og skilgreint hvernig með hann skuli farið. Einnig verður haft samráð við HER og UST og leyfa aflað eins og við á.

B8 Jarðvegur á svæðinu verður einungis nýttur í landmótun innan íbúðarsvæðis falli hann í þann notkunarflokk. Óskað hefur verið eftir – og er það hér ítrekað gagnvart UST – að leiðbeiningar með reglugerðinni verði gefnar út. Einnig er borin fram ósk um að samráð eða samtal verði haft við fagaðila utan stofnunarinnar varðandi bakgrunnsgildi í íslenskum jarðvegi, viðmiðunargildi mengandi efna og hugsanlega mismunandi viðmiðunargildi eftir dýpi, sbr. norskar leiðbeiningar til dæmis.

B9 Varðandi umhverfismat: Ef átt er við kafla 6. í greinargerð um umhverfismat verður ekki séð að krefjast megi umfjöllunar um tímabundna einstaka framkvæmd á borð uppgröft og flutning jarðvegs á framkvæmdatíma við gerð 1. áfanga Nýja Skerjafjarðar. Varðandi hreinsun og meðhöndlun á sjálfum jarðveginum er bent á svör A2 – A4 að ofan, en áréttað að ekki stendur til að vinna með mengaðan jarðveg á staðnum (þ.e. hreinsa og meðhöndla), heldur fari slíkt fram hjá þar til bærum aðilum.

C Veðurstofa Íslands

Í kafla 3.6 *Hækkun sjávarmáls* í greinargerð og almennum skipulagsskilmálum er birt tafla þar sem fram kemur að gert sé ráð fyrir 0,54 m hækkun sjávar til ársins 2100 vegna hnattrænnar hækkunar og landhæðabreytinga. Þetta er skjáskot úr töflu 13 í skýrslu Vegagerðarinnar *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð* (Sigurður Sigurðarson 2018) sem byggir aftur á skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá 2018. Í báðum skýrslunum er bent á að þetta mat sé mjög lágt og taki ekki tillit til óvissu um sjávarstöðuhækkun. Í skýrslu Vegagerðarinnar segir:

Í skýrslu þessari er lagt til að landhæð á lágsvæðum verði að lágmarki í sömu hæð og flóð með 100 ára endurkomutíma í lok 21. aldar. Til að taka enn frekar tillit til óvissu um sjávarstöðuhækkun m.a. vegna hnattrænnar hlýnunar, þá er lagt til að lágmarks gólfhæð húsa á lágsvæðum verði 0,3 m hærrí en lágmarks landhæð. Grófrými svo sem bílakjallarar geta verið lægri en þau skulu þá varin leka upp í lágmarksgólfhæð.

Eðlilegt er því að miða við a.m.k. 0,84 m frekar en 0,54 m. Þetta byggði á sviðsmynd 1 m hnattrænnar hækkunar sjávarfirborðs árið 2100 og óvissu um það hvernig sú hækkun væri reiknuð að Íslandsströndum. Síðan þessi skýrsla kom út hefur Millirikjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gefið út skýrslu (IPCC 2021) þar sem fram kemur að sambærilegar sviðsmyndir gefi allt að 1,88 m hækkun árið 2150, en nefndin tekur einnig fram að mikil óvissa ríki um þetta og ekki sé lengur hægt að útiloka allt að 2 m hækkun árið 2100 og 5 m árið 2150 (IPCC 2021, *Summary for Policymakers* B.5.3, bls. 21).

https://www.ipcc.ch/report/ar6/wg1/downloads/report/IPCC_AR6_WGI_SPM.pdf

Ekki verður sagt að í deiliskipulagstillögu þessari felist trúverðugar mótvægisáðgerðir. Hækkun sjávarmáls af þessari stærðargráðu er ekki vandamál sem leysist með blágrænum ofanvatnslausnum eða öðrum sjálfsögðum regnvatnslausnum.

Í fyrri umsögn Veðurstofunnar til borgarinnar, dags. 23. nóvember 2020, og í umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatskýrslu varðandi landfyllingu, dags. 13. desember 2021, var lögð áhersla á mikilvægi þess að í skipulaginu verði gerð grein fyrir hvernig bregðast eigi við sjávarstöðuhækkun og hvernig hægt verði að koma við sjóvörnum. Einnig bendir Veðurstofan á að eðlilegt sé að miða við árið 2100 þar sem hækkun sjávarstöðu mun ekki stöðvast ekki

Svör:

C1 Að umfjöllun / greinargerð *taki ekki tillit til óvissu um sjávarstöðuhækkun.*

Við endurskoðun upphaflegrar deiliskipulagstillögu 1. áfanga í kjölfar auglýsingar deiliskipulags Nýja Skerjafjarðar var farið að öllum leiðbeiningum og ábendingum frá Veðurstofu varðandi sjávarstöðu. Bent er á að í tillögu að breyttu deiliskipulagi nú var ekki verið að leggja til breytta landhæð byggðarinnar. Skipulagshöfundar hafa farið að núgildandi stöðlum / leiðbeiningum / ábendingum frá Veðurstofu varðandi sjávarstöðu og landhæðir.

C2 *Vegna framtíðar viðmiða landhæðar á lágsvæðum og* varðandi óvissu um sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar allt til 2100 og jafnvel 2150.

Er það hlutverk skipulagshöfunda að kynna sér nýjustu skýrslur í loftslagsmálum heimsins og koma hugmyndum þaðan inn í sin skipulagsáform? Væri ekki réttara að sérfræðingar landsins í veðurfars- og loftslagsmálum kæmu þessum hugmyndum og tillögum að uppfærðum viðmiðum á framfæri við stjórnvöld? Eins og fram kemur í svari A1 þá telja skipulagshöfundar sig hafa farið að gildandi stöðlum og leiðbeiningum, auk fyrri ábendinga Veðurstofu varðandi sjávarstöðu og landhæðir.

D Isavia

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst félaginu í tölvupóstum 29. apríl og 3. maí sl. vegna deiliskipulagsbreytinga á skipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Vísað var til gagna á vef Reykjavíkurborgar: <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kyrningu/nyi-skerjafjordur>

Isavia ítrekar fyrri ábendingar um að innan skipulagssvæðisins gilda skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar <https://www.isavia.is/media/1/reykjavikurflugvollurskipulagsreglur.pdf>

Það vekur athygli að byggingarheimildir eru víða settar þannig upp í skipulaginu að sneitt er af þökum og þakköntum þannig að þeir standi ekki upp í hindranaflið þ.e. gengið er eins nærri hindranafleti og mögulegt er. Af því leiðir að ekki er svigrúm til breytinga og að enginn búnaður má standa upp úr hluta af þökum.

Félagið bendir um leið á að mjög víða koma byggingarkranar og önnur tæki til með að þurfa að standa upp í hindranaflið flugvallarins á verktíma sem kann að skapa aukna hættu, vegna nálægðar við flugvöllinn. Samkvæmt skipulagsreglum þarf að afla heimildar Samgöngustofu fyrir öllum slíkum frávikum.

Samkvæmt breytingatillögu deiliskipulagsins er nú gert ráð fyrir afmörkuðu svæði fyrir tímabundin haugsvæði. Ekki virðist vera getið um hámarkshæð hauga eða leyfilegt magn innan svæðisins, einungis stærð svæðanna. Félagið telur að tryggja þurfi að hæð og stærð hauga þurfi að afmarka þannig að þeir sem og tæki sem notuð verða við vinnslu á svæðinu fari ekki upp í hindranaflið. Jafnframt þarf að skoða hvort haugar geti haft vindáhrif á flugbrautir. Þá þarf að tryggja að vinnsla efnis og geymsla verði þannig hagað að ekki berist ryk eða annað fráefni inn að flugbrautum flugvallarins.

Isavia hefur verulegar áhyggjur af því að byggingar og vinna við þær kunni að skapa hættu með tilliti til flug- og rekstraröryggis flugvallarins. Bent er á að byggð samkvæmt deiliskipulagi Nýja Skerjafjarðar verður töluvert nær báðum flugbrautum flugvallarins en byggðin við Hlíðarenda en samkvæmt upplýsingum frá flugmönnum virðast þær hafa nokkur vindáhrif á N/S flugbrautina sem liggur þar næst.

Svör:

D1 *að að gengið sé eins nærri hindranafleti og mögulegt er*

að enginn búnaður má standa upp úr hluta af þökum

Ekki er rétt að tortryggja uppbygginguna á þann hátt að verið sé að ganga *eins nærri hindranafleti og mögulegt er og loka þannig á svigrúm til breytinga*. Ætla megi að skurðlína sú sem dregin er varðandi hindrunarflöt sé endanleg og að utan hennar liggi ekki eitthvert óskilgreint belti eða svæði, einslags einskinnsmannsland, sem ber að halda fríu. Úfærsla byggðarinnar nýju er afrakstur margra ára skipulags- og rannsóknarvinnu og mun í öllum megindráttum verða með því sniði sem skipulagsuppdrættir og greinargerð kveða á um.

Nauðsynlegt að skilja að flugöryggi og rekstraröryggi flugvallarins í faglegri umræðu. Allt er snýr að flugöryggi hefur viðmið, mörk og verkferla og tekið á því m.a. með áhættugreiningu ef mörk eru ekki 1/0 eða ef veita þarf (tímabundnar) undanþágur.

Í skilmálum skipulagsins er kveðið á um að engir hlutar bygginga eigi að skaga upp í hindranafleti. Gera má ráð fyrir að slíkt gildi einnig fyrir ný mannvirki innan flugvallarsvæðisins en vitað er að nýtt flugskýli Landhelgisgæslunnar nær upp fyrir hindranafletina þar sem Isavia getur ákveðið að mikilvægar byggingar megi skaga upp úr að undangengnu áhættumati.

D2 Sótt verður um leyfi til Samgöngustofu fyrir byggingarkrana og önnur tæki ef þurfa þykir, alveg með sama hætti og fyrir aðrar framkvæmdir á vegum annarra aðila í námunda við flugvöllinn eða aðra flugvelli, t.a.m. Keflavíkurflugvöll.

D3 Varðandi haugsvæði er vísað í A1 og A2 hér að ofan. Að auki skal nefnt að haugar þeir sem um ræðir verða ekki háir heldur einungis hugsaðir til skammtímageymslu á jarðvegi og verður tryggt að þeir nái ekki upp í hindranaflæti. Samkvæmt viðurkenndum aðferðum fyrir vindgreiningar er miðað við flöt sem hallar 1:35 frá miðlínu flugbrautar ef skoða þarf áhrif á vindafar flugbrautar. Tryggt verður að á haugsvæðum verði engir hraukar eða staflar sem skaga upp úr vindgreiningarflæti eða hindranaflæti flugbrautanna. Kröfur verða gerðar til verktaka við jarðvegsframkvæmdirnar að ekki berist ryk eða annað fráefni inn að flugbrautum flugvallarins.

Um tímabundna ráðstöfun er að ræða og því ekki ástæða til að tilgreina sérstaklega um hámarkshæð.

D4 Reykjavíkurborg hefur áður óskað eftir upplýsingum og gögnum um þessi vindáhrif frá Hlíðarenda sem oft hafa verið nefnd í umræðunni en lítið sem ekkert virðist vera skráð eða aðgengilegt svo hægt sé að skoða eða átta sig nánar á þessum áhrifum.

E Veitur

Rafmagn

Á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir dreifistöð í skólabyggingu. Samanber skilmála Veitna skal dreifistöð ekki liggja að íverurými og óska Veitur því eftir lóð fyrir dreifistöðina fyrir utan skólabygginguna.

Veitur óska eftir lóð fyrir dreifistöð á milli lóða 16, 17, 18, sjá meðfylgjandi teikningu. Veitur vilja ekki að það sé skilgreind lóð fyrir dreifistöð inn á lóð dælustöðvar Veitna (fráveitu) nr. 17.

Í greinargerð tillögunnar er tekið fram að hönnun á dreifistöð skuli verða vönduð og það til dæmis gert með grasi á þaki, gróðri umhverfis stöðvarnar, bekkjum og öðrum gögnum sem tengja þær umhverfi sínu. Veitur bjóða eingöngu uppá grunnlausnir við byggingu dreifistöðva, allt annað er á forræði og kostnað þeirra sem þess óska og í samráði við Veitur.

Fráveita

Í kafla 4.14 um ofanvatnslausnir er farið yfir tilgang með blágrænum lausnum. Við lýstan tilgang má bæta við að tilgangurinn er einnig að stýra flóðahættu vegna úrhellis og loftslagsbreytinga.

Kafla 5.9 í greinargerð fjallar um breytta legu 1400mm fráveitulagar. Veitur benda á að breyting á legu lagnarinna á eingöngu við ef landfyllingin verður að veruleika og þá í 2. áfanga. Semja þarf við Veitur, Kópavog og Garðabæ sem eiga lögnina í sameign um breytingar á lögninni.

Á reit 4 og 6 eru heimildir fyrir fjölbýlishúsum umhverfis inngarð og stök hús í garði heimiluð. Í breyttu deiliskipulagi er reit 4 skipt í tvær lóðir, en inngarður er sameiginlegur báðum lóðum varðandi frágang, aðgengi og viðhald. Óljóst er hvernig aðgengi er að húsum í inngörðum og benda Veitur á að breytingin getur valdið auknum kostnaði í hönnun og framkvæmd og mikilvægt er að endurskoða lagnakvaðir þar sem lagnir fara í gegnum lóðir.

Heppilegra er að hafa fleiri lóðir, til dæmis eina lóð fyrir hverja byggingu, til að tryggja skilvirkari tengingar heimlagna. Margar byggingar á lóð, sérstaklega ef þær eru byggðar af ótengdum aðilum, geta valdið auknu flækjustigi og kostnaði þegar kemur að heimlögnum og fráveitutengingum fyrir húsin.

Í kafla 5.16 kemur fram að byggingarreitir í kjallara geta verið undir lágmarks gólfkóta en gera þarf ráð fyrir flóðahættu við hönnun. Veitur benda á að ekki er heimilt að dæla grunnvatni úr kjöllurum í skólperfi fráveitu.

Í kafla 3.10 sem fjallar um veitumannvirki kemur fram að allar kvaðir á svæðinu gildi og vísað er í minnisblað Veitna frá 2017. Veitur benda á að reynsla hefur áunnist síðan 2017.

Veitur benda einnig á að ekki er alltaf mögulegt að færa lagnir og flutningur á stofnlögnum getur verið mjög dýr og tímafrekur. Mikilvægt er að lagnakvaðir séu uppfærðar þegar endanleg lega lagna hefur verið staðfest.

Á uppdrætti er gert ráð fyrir spennistöð á lóð 17 innan byggingarreits. Veitur óska eftir að spennistöð sem sýnd er innan byggingar fráveitu verði tekin út.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi áframhaldandi góðs samstarfs og gera ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Svör:

- E1 Rafmagn: Búið er að verða við athugasemdunum um staðsetningu dreifistöðva og lagfæra greinargerðina. Reykjavíkurborg staðfestir að viðbótarkostnaður vegna mögulegrar uppfærslu á dreifistöðvum sé á sína ábyrgð og verði útfært í samráði við Veitur.
- E2 Fráveita: Búið er að verða við athugasemdunum varðandi kafla 4.14 og 5.9 og lagfæra textann.
- E3 Varðandi stök hús þá eru þau ætluð sem sameiginlegar hjóla- og vagnageymslur. Texti hefur verið lagfærður í samræmi við athugasemd.
- E4 Sami aðili mun koma að öllum byggingum á hverri lóð fyrir sig.
- E5 Bætt hefur verið við í greinargerð texta um dælingu úr kjöllurum.
- E6 Búið er að flytja spennistöð út úr byggingarreit dælustöðvar á reit 17.

Niðurstaða

- Lagt er til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt utan breytinga til samræmis við athugasemdir Veitna, auk þess sem akstursstefnur hafa verið fjarlægðar af uppdrætti.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt